Ríkissaksóknari

# Ársskýrsla 2008

# Ársskýrsla 2008

Ríkissaksóknari

Bls. 4

1. Um ákæruvaldið

1.1. Formáli ríkissaksóknara
1.2 Skipan ákæruvalds
1.3. Fundir með ákærendum
1.4. Almennar leiðbeiningar ríkissaksóknara
1.5. Ákærendafélagið

Bls. 10

2. Tölulegar upplýsingar

2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra
2.2. Ákærðir
2.3. Einstakir brotaflokkar hjá ríkissaksóknara
2.4. Fallið frá saksókn
2.5. Tímalengd gæsluvarðhalds
2.6. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra
2.7. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga
2.8. Áfrýjunarmál

Bls. 34

3. Dómsmeðferð mála

3.1 Fíkniefnalagabrot
3.2. Valdstjórnarbrot
3.3. Brot í opinberu starfi
3.4. Líkamsárásir
3.5. Kynferðisbrot

# Efnisyfirlit

Bls. 42

4. Erlent samstarf

4.1 Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda
4.2. Evrópusamstarf ríkissaksóknara
4.3. Evrópska réttaraðstoðin
4.4. European Judicial Network
4.5 Alþjóðasamtök saksóknara
4.6 Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar
4.7 Fundur með ríkissaksóknara Kína
4.8 Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Bls. 48

5. Löggjafarmálefni

5.1 Lög um meðferð sakamála
5.2. Lög um embætti sérstaks sakssóknara
5.3. Umsagnir um lagafrumvörp

Bls. 51

6. Starfsmenn ríkissaksóknara

Bls. 52

7. Siðareglur ákærenda

# 1. kafli

# Um ákæruvaldið

## 1.1. Formáli ríkissaksóknara

Hlutverk ákæruvaldsins er samkvæmt lögum um meðferð sakamála að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þar er einnig kveðið á um að ákæruvaldið skuli hraða meðferð mála eftir því sem kostur er. Þá skal það tryggja að hið sanna komi í ljós þannig að jafnt sé horft til atriða sem horfa til sýknu og sektar.

Nágrannalönd okkar hafa á undanförnum árum styrkt lögreglu og ákæruvaldið með það fyrir augum að tryggja öryggi borgaranna og sporna gegn glæpum. Hér á landi hefur lögregla verið styrkt þótt enn megi betur gera. Með fyrirhuguðum breytingum á ákæruvaldinu s. s. með stofnun embættis héraðssaksóknara, var að því stefnt að efla ákæruvaldið, styrkja sjálfstæði þess og auka um leið réttaröryggi borgaranna, eins og segir í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum. Fyrsta forsenda þess að það megi ganga eftir er að bæði embætti ríkissaksóknara sem og embætti héraðssaksóknara verði í stakk búin til þess að sinna mikilvægum verkefnum sínum, en til þess þurfa embættin að vera vel mönnuð og þeim tryggt nægilegt rekstrarfé.

Umhverfi ákærenda hefur breyst mikið á undanförnum árum. Framfarir hafa orðið við rannsóknir sakamála, s.s. á sviði tæknirannsókna og yfirheyrslutækni lögreglu. Að því leyti er staða ákæruvaldsins sterkari nú en áður. Á móti kemur vandi ákæruvaldsins til að takast á við almenna fjölgun mála einfaldra sem flókinna, mála sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, umfangsmikil fjármuna- og efnahagsbrot, mál þar sem útlendingar eiga í hlut og þar sem þörf er á samstarfi við erlendar löggæslustofnanir.

Ákæruvaldinu ber að sanna sök í hverju máli en því ber jafnframt að gæta hlutleysis. Ákærandinn er hins vegar einn jafnvel í umfangsmiklum og flóknum málum gagnstætt fjölda verjenda. Ábyrgð ákærandans er því mikil þar sem hann þarf að fylgjast með öllum þráðum málsins fyrir dómi s.s. að boða vitni, útvega túlka, halda utan um tæknivinnu auk lögfræðilegra atriða. Að mati ríkissaksóknara er þetta ekki ásættanlegt og eykur hættuna á réttarspjöllum. Það ætti því að vera aðalreglan að í stærri málum væru tveir ákærendur eða ákærandi og aðstoðarmaður. Það verður ekki gert án þess að fjölga starfsfólki.

Ríkissaksóknari hefur nýlega sett fyrirmæli um hámarkstíma meðferðar líkamsárásarmála, nauðgunarmála og efnahagsbrota hjá lögreglu og ákærendum. Þar er m. a. gerð grein fyrir mikilvægi þess að eðlilegum málshraða sé fylgt. Ákæruvaldið hefur um árabil lagt áherslu á og forgangsraðað nauðgunar- og líkamsárásarmálum. Nýmæli er að efnahagsbrot eru þarna á meðal sem sýnir vilja til að leggja aukna áherslu á efnahagsbrot. Að mati ríkissaksóknara hefur það mikla þjóðfélagslega þýðingu og er raunar krafa samfélagsins í heild, að unnt sé að koma upp um og fylgja eftir með eðlilegum málshraða ofbeldismálum, fjársvikamálum, skattalagabrotum, samkeppnisbrotum og fleiri skipulögðum brotum á þessu sviði.

Eftir efnahagshrunið var stofnun embættis héraðssaksóknara frestað en í ljós kom að breytingin var kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir. Ríkissaksóknari hefur hins vegar í bréfi til dómsmálaráðherra lagt til að fallið verði frá stofnun hins nýja embættis og þess í stað verði embætti ríkissaksóknara eflt. Er þar rökstutt hvernig ná megi sömu markmiðum og að var stefnt en með mun minni kostnaði. Um þetta hefur hins vegar ekki verið tekin ákvörðun og mun því hið nýja embætti að óbreyttu taka til starfa 1. janúar 2010.

Embætti ríkissaksóknara og raunar ákæruvaldið í heild stendur á krossgötum. Eins og jafnan þegar ferðalangar lenda í slíkum aðstæðum þá er mikilvægast að vita hvert förinni er heitið áður en leiðin er valin. Það er nú í höndum stjórnvalda að taka ákvörðun. Versta leiðin fyrir alla er að fresta að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

Reykjavík 1. júní 2009.
Valtýr Sigurðsson

## 1.2 Skipan ákæruvaldsins

**I.**

Formáli ársskýrslu embættisins fyrir árið 2007 bar yfirskriftina „*Ákæruvald á tímamótum.*“ Með því var átt við að Bogi Nilsson fyrrverandi ríkissaksóknari hafði látið af störfum í árslok 2007. Nýs ríkissaksóknara biði að móta ákæruvaldið í nýju lagaumhverfi en þann 30. maí 2008 samþykkti Alþingi lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Með lögunum var áformuð sú grundvallarbreyting á ákæruvaldinu að skipta því í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja áður með stofnun embættis héraðssaksóknara sem færi með ákæruvald í flestum málum sem embætti ríkissaksóknara annast í dag.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 88/2009 var gert ráð fyrir að þau tækju gildi 1. júlí 2008 en við samþykkt þeirra var gildistímanum frestað til 1. janúar 2009. Embætti ríkissaksóknara skilaði ítarlegri greinargerð til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í júlí 2008 um starfsemi embættis ríkissaksóknara síðustu ára, starfsemi embættisins eftir lagabreytinguna, starfsemi embættis héraðssaksóknara og áætlaðan fjölda starfsmanna beggja embættanna. Á það var bent að miðað við aukningu verkefna hjá embætti ríkissaksóknara gengi ekki eftir að helmingur starfsmanna hins nýja embættis kæmi frá embættum ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara eins og kostnaðarmat frumvarpsins gerði ráð fyrir. Eftir umræður milli ríkissaksóknara og ráðuneytisins var Sigurði Tómasi Magnússyni, sérfræðingi hjá Háskólanum í Reykjavík falið

það verkefni af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að stýra undirbúningi að stofnun embættis héraðssaksóknara og þar með að meta þörfina fyrir upphæð fjárveitinga til beggja embættanna vegna flutnings verkefna. Niðurstaðan var sú að lagt var til veruleg hækkun fjárlagaramma vegna laganna frá því sem ráðgert hafði verið. Talið var nauðsynlegt að fylgja nýjum lögum um meðferð sakamála eftir með því að tryggja hinu nýja embætti héraðssaksóknara og ákæruvaldinu í heild viðunandi starfsskilyrði með auknum fjárveitingum.

Á haustmánuðum 2008 þegar auglýsa átti starf héraðssaksóknara til að vinna að undirbúningi stofnunar embættisins um áramótin, hafði ekki verið gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til reksturs embættis héraðssaksóknara. Það var ekki fyrr en 9. desember sl. að flutt var á Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra um breyting á lögunum þess efnis að fresta stofnun embættis héraðssaksóknara tímabundið til 2010 en að öðru leyti tóku lög um meðferð sakamála gildi sl. áramót. Frestunin var talin nauðsynleg vegna efnahagsáfalla sem dundu yfir þjóðina í október og kölluðu á gerbreytt viðhorf til útgjalda á vegum hins opinbera næstu árin.

Í minnisblaði til dómsmálaráðuneytisins 10. janúar sl. lagði ríkissaksóknari til að hætt yrði alfarið við stofnun hins nýja embættis. Þessi sjónarmið voru síðan áréttuð bréflega þann 10. febrúar. Þau rök voru færð fram að ná megi sömu markmiðum og árangri og stefnt var að með breytingu á ákæruvaldinu þ. e. að sporna gegn glæpum með eflingu ákæruvaldsins, styrkja sjálfstæði þess og auka um leið réttaröryggi borgaranna, með mun lægri tilkostnaði. Þannig mætti styrkja ákæruvald lögreglu og færa fleiri málaflokka en nú til hennar frá ríkissaksóknara. Þetta myndi minnka þörf fyrir kæruleið og gera embættinu kleift að sinna fjölmörgum verkefnum sem þar hafa setið á hakanum.

## II.

Staða embættis ríkissaksóknara er áhyggjuefni. Þannig lýsti Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, í bréfi til dómsmálaráðuneytisins árið 2007 vonbrigðum sínum og áhyggjum yfir því hvernig brugðist hefði verið við fjárlagatillögum embættisins. Þar segir m. a.: *„Í tillögum embættisins var bent á að þótt ítrasta aðhalds hafi verið gætt við rekstur embættisins hafi fjárhagur þess verið afar slæmur svo ekki sé fastar kveðið að orði og stöðugt barist í bökkum. Bent var á hve mikilvægt sé að treysta sjálfstæði embættisins, sjálfstæði ákæruvaldsins, og að það verði ekki síst gert með því að tryggja fjárhagslega stöðu embættisins. Ekki verður séð að nokkurt tillit hafi verið tekið til þessa í fjárlagafrumvarpinu.“* Flatur niðurskurður á rekstraráætlun fyrir árið 2009 vegna efnahagshrunsins kom illa niður á embættinu enda fáir rekstrarliðir til að taka af.

Með bréfi dagsettu 14. maí sl. ákvað ríkissaksóknari að rita forsætisráðherra bréf í þeim tilgangi að gera forsætisráðherra og ríkisstjórn grein fyrir stöðu embættisins og leggja jafnframt til raunhæfar leiðir til úrbóta. Í bréfinu var gerð grein fyrir hlutverki ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvaldsins og bent á nauðsyn þess að staða embættisins væri styrk. Síðan segir: *„Á undanförnum 2-3 árum hafa verkefni embættisins meira en tvöfaldast en fjöldi starfsmanna nánast staðið í stað. Allur aðbúnaður að embættinu er á mörkum þess að teljast boðlegur starfsfólki vegna þrengsla. Á embættinu er enginn fundarsalur, bókasafn er á göngum og geymsluaðstaða skjala alls óviðunandi og er þá vægt til orða tekið. Nýlega var fataskápur starfsfólks rifinn til að koma fyrir skjalaskápum. Ábendingum bæði fyrrverandi ríkissaksóknara sem og núverandi um þörf fyrir viðbótarhúsnæði hefur í engu verið sinnt. Þá hefur dómsmálaráðuneytinu bréflega og munnlega verið gerð grein fyrir slæmri fjárhagsstöðu embættisins en engar af hógværum fjárlagatillögum embættisins hafa verið teknar til greina undanfarin ár.*

Fram kom að ríkissaksóknari hefði metnað og löngun til að byggja upp heilsteypt ákæruvald, þar sem unnið væri skilvirkt að sömu markmiðum, vinnubrögð samræmd og verklagsreglur skýrar. Áfram eins og hingað til yrði lögð áherslu á að halda uppi faglegum gæðum í öllum málaflokkum og að ákæruvaldið gæti tekist á við flókin og skipulögð afbrot. Ríkissaksóknari vildi geta fylgt eftir fyrirmælum með eftirliti. Þjálfun nýrra ákærenda og endurmenntun væri ekki unnt að sinna í dag en sá þáttur sé til að mynda veigamikill hjá embættum ríkissaksóknara á Norðurlöndunum.

Að mati ríkissaksóknara muni réttaröryggi borgaranna styrkjast með skilvirku, menntuðu og heilsteyptu ákæruvaldi. Unnt væri að ná þessum markmiðum með litlum tilkostnaði svo og með því að veita málaflokknum pólitískt bakland um leið og gætt yrði krafna um sjálfstæði og hlutleysi ríkissaksóknara.

Fram kom að á undanförnum árum hafi verið lagt til fjármagn til að koma á fót efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra svo og til stofnunar embættis sérstaks saksóknara. Því bæri að fagna. Til að nýta það fjármagn sem best svo og starfskrafta blasti við að sameina þyrfti þessar stofnanir í náinni framtíð. Hvað svo sem því liði væri ljóst að ríkissaksóknari, sem æðsti handhafi ákæruvalds í landinu, bæri faglega og lagalega ábyrgð á rekstri mála hjá þessum embættum. Embætti ríkissaksóknara yrði því að vera í stakk búið til að takast á við það verk.

Ríkissaksóknari benti á að það væri beinlínis óraunhæft að stofna embætti héraðssaksóknara nú eftir hrun efnahagslífsins þegar aðrar leiðir og ódýrari væru tiltækar. Þá teldi ríkissaksóknari ekki ásættanlegt að fresta enn og aftur gildistöku ákvæða laga um stofnun héraðssaksóknara.

Tekið var fram að staða embættis ríkissaksóknara væri gjörólík því sem sé á hinum Norðurlöndunum. Ef gerður væri samanburður við Noreg og Danmörku fái embættin í þeim löndum nauðsynlegt fjármagn til að geta sinnt sínum verkefnum. Mestu máli skipti hins vegar sá pólitíski styrkur sem embættin hafi frá þjóðþingi, ríkisstjórn og dómsmálaráðherra. Ríkisstjórnin hafi í báðum þessum löndum virka refsipólitíska stefnu og láti sig varða hlutverk ákæruvaldsins og áherslur. Í Noregi geri ríkisstjórnin kröfu um ákveðinn málshraða og taki afstöðu til þess hvaða málaflokka eigi að setja í forgang.

Árlega sé fundað með ríkissaksóknara og gengið úr skugga um að markmið hafi náðst auk þess sem ríkissaksóknari fundar reglulega með dómsmálaráðherra um þessi atriði. Í Danmörku sé þessu svipað farið.

Hér á landi njóti ríkissaksóknari ekki slíks baklands við að styrkja ákæruvaldið, forgangsraða málum og tilraunum til að halda uppi málshraða. Að mati ríkissaksóknara þarf að verða breyting á þessu í átt við það sem er á hinum Norðurlöndunum. Skref í þá átt væri að fallast á tillögur til aukinnar fjárveitingar til ríkissaksóknara í stað stofnunar embættis héraðssaksóknara, auk þess sem efld yrðu samskipti milli stjórnvalda og Alþingis annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar.

Ríkissaksóknari hefur átt góðan fund með forsætisráðherra í tilefni þessa óvenjulega erindis.

Þegar þetta er ritað liggur ekki annað fyrir en að embætti héraðssaksóknara verði stofnað 1. janúar 2010. Eins og segir í formála ársskýrslunnar stendur embætti ríkissaksóknara og raunar ákæruvaldið í heild á krossgötum sem er óheppilegt fyrir allt starf stofnunarinnar sem og starfsfólkið. Þessari óvissu verður að eyða og taka pólitíska ákvörðun sem fyrst. Það er nú í höndum stjórnvalda að taka ákvörðun um framtíð og stöðu ákæruvaldsins.

Valtýr Sigurðsson

## 1.3 Fundir með ákærendum

Árlegur fundur ríkissaksóknara með ákærendum var haldinn þann 7. nóvember 2008. Valtýr Sigurðsson, ríkissaksóknari gerði grein fyrir helstu áhersluatriðum embættisins vegna fyrirhugaðra breytinga á ákæruvaldinu samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri fjallaði um hvenær falla eigi frá saksókn skv. c-lið 113. gr. laga nr. 19/1991 (nú d-lið 146.gr laga nr. 88/2008). Jón H. B. Snorrason, saksóknari gerði grein fyrir sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglu. Þá fjallaði Eiríkur Tómasson prófessor um meðferð stórra og flókinna sakamála hjá lögreglu og ákæruvaldi og hvernig lög nr. 88/2008 tækju á vanda sem skapaðist við slíkar aðstæður. Að lokum fjölluð Daði Kristjánsson, settur saksóknari og Benedikt Bogason, dómstjóri, um refsilækkunarheimild skv. 9. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

## 1.4 Almennar leiðbeiningar ríkissaksóknara

Ríkissaksóknari gaf út tvenn fyrir mæli á árinu. Annars vegar um sáttamiðlun og hins vegar um málshraða í nauðgunarmálum. Þá ritaði ríkissaksóknari lögreglustjórum allmörg dreifibréf vegna mála sem ofarlega voru á baugi og vörðuðu ákæruvaldið.

## 1.5 Ákærendafélagið

Ákærendafélag Íslands var stofnað á vel sóttum fundi í Þjóðmenningarhúsinu hinn 12. október 2007. Í stjórn félagsins voru kosin Daði Kristjánsson aðstoðarsaksóknari, Hulda María Stefánsdóttir aðstoðarsaksóknari, Ólafur Hauksson lögreglustjóri, Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari og Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota, sem jafnframt var kosinn formaður. Þann 1. september 2008 óskaði Ragnheiður eftir lausn frá störfum vegna setningar sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Félaginu er m.a. ætlað að vinna að faglegum hagsmunamálum ákærenda og stuðla að upplýstri umræðu og skoðanaskiptum í samfélaginu um hlutverk ákærenda, meðferð refsimála og þróun löggjafar sem snertir störf ákærenda. Þá mun félagið leitast við að standa fyrir ráðstefnum og fræðafundum á sviði refsiréttar og opinbers réttarfars.

Þann 6. febrúar 2008 var haldinn sameiginlegur hádegisverðar fundur með Lögfræðingafélagi Íslands. Yfirskrift fundarins var „Vistarskipti Valtýs“ en Valtýr Sigurðsson nýskipaður ríkissaksóknari var sérstakur gestur fundarins. Valtýr gerði grein fyrir stöðu sinni sem nýr ríkissaksóknari sem og bakgrunni sínum og áherslum í embætti sem nýr ríkissaksóknari. Þann 27. mars 2008 var haldinn almennur félagsfundur. Sérstakir gestir fundarins voru Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri dómstólaráðs og Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. Elín Sigrún gerði grein fyrir hugmyndum dómstólaráðs um millidómstig í sakamálum. Rakti hún m.a. aðdraganda umræðu um millidómstig, væntanlegum málafjölda og hugmyndum ráðsins hvernig millidómstig væri skipað og hvernig það starfaði. Helgi Magnús Gunnarsson formaður gerði ítarlega grein fyrir umsögn Ákærendafélagsins til allsherjarnefndar að frumvarpi að lögum um meðferð sakamála. Þá gerði Jóhannes Rúnar Jóhannsson grein fyrri umsögn LMFÍ að sama frumvarpi. Ennfremur gerði Helgi Magnús einnig grein fyrir öðrum umsögnum félagsins til allsherjarnefndar.

# 2. kafli

# Tölulegar upplýsingar

## 2.1. Fjöldi mála og afdrif

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákæruvaldinu á árinu 2008, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd mál, ekki fjölda kæra, málin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2008 og þá geta mál sem kærð voru 2008 enn verið ófgreidd af ákæruvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum á hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórasáttum og mál sem vísar var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra mála og afgreidd mál einstakra embætta. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

**Skýringar með töflum:**

Niðurfelld mál: Mál er fellt niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála (nú 145. gr. laga nr. 88/2008)

Fallið frá saksókn: Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi hefur hann vissa heimild samkvæmt 113. gr. laga um meðferð opinberra mála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn (nú 146. gr. laga nr. 88/2008).

Þann 1. janúar 2007 tóku gildi lög nr. 46/2006 en með þeim var lögregluumdæmum fækkað úr 26 í 15. Hafa upplýsingar frá árunum 2004 til 2006 frá þeim embættum sem nú hafa verið sameinuð verið settar saman þannig að þær sýna þann heildarfjölda sem embættin afgreiddu til samans þessi ár.

Þar sem villa kom upp við talningu í málaskrá lögreglu eru ekki birt yfirlit yfir fjölda brota sem afgreidd voru af ákæru-valdinu á árinu 2007 greind eftir brotaflokkum.

**Öll mál**

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Landráð | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Brot gegn valdstjórninni | 145 | 84 | 57,9 | 12 | 8,3 | 47 | 32,4 | 2 | 1,4 |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 8 | 3 | 37,5 | 0 | 0,0 | 3 | 37,5 | 2 | 25,0 |
| Brot í opinberu starfi | 75 | 11 | 14,7 | 1 | 1,3 | 63 | 84,0 | 0 | 0,0 |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 15 | 10 | 66,7 | 0 | 0,0 | 5 | 33,3 | 0 | 0,0 |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 112 | 56 | 50,0 | 21 | 18,8 | 32 | 28,6 | 3 | 2,7 |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 36 | 23 | 63,9 | 2 | 5,6 | 11 | 30,6 | 0 | 0,0 |
| Sifskaparbrot | 3 | 0 | 0,0 | 2 | 66,7 | 1 | 33,3 | 0 | 0,0 |
| Kynferðisbrot | 258 | 131 | 50,8 | 3 | 1,2 | 123 | 47,7 | 1 | 0,4 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 748 | 372 | 49,7 | 50 | 6,7 | 322 | 43,0 | 4 | 0,5 |
| Brot gegn frjálsræði manna | 23 | 16 | 69,6 | 0 | 0,0 | 3 | 13,0 | 4 | 17,4 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 168 | 60 | 35,7 | 18 | 10,7 | 89 | 53,0 | 1 | 0,6 |
| Auðgunarbrot | 1460 | 681 | 46,6 | 263 | 18,0 | 501 | 34,3 | 15 | 1,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 482 | 260 | 53,9 | 31 | 6,4 | 187 | 38,8 | 4 | 0,8 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Skattalög | 126 | 116 | 92,1 | 0 | 0,0 | 10 | 7,9 | 0 | 0,0 |
| Tollalög | 6 | 3 | 50,0 | 1 | 16,7 | 2 | 33,3 | 0 | 0,0 |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 642 | 557 | 86,8 | 5 | 0,8 | 80 | 12,5 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 110 | 72 | 65,5 | 3 | 2,7 | 33 | 30,0 | 2 | 1,8 |
| Veiðilög | 12 | 7 | 58,3 | 0 | 0,0 | 5 | 41,7 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 20 | 13 | 65,0 | 1 | 5,0 | 6 | 30,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 50 | 47 | 94,0 | 0 | 0,0 | 3 | 6,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 48 | 26 | 54,2 | 2 | 4,2 | 20 | 41,7 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en ölvunar-fíkniefna- og lyfjaakstur | 2309 | 2187 | 94,7 | 12 | 0,5 | 109 | 4,7 | 1 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 1109 | 986 | 88,9 | 1 | 0,1 | 121 | 10,9 | 1 | 0,1 |
| Fíkniefnaakstur | 840 | 820 | 97,6 | 0 | 0,0 | 20 | 2,4 | 0 | 0,0 |
| Lyfjaakstur | 29 | 22 | 75,9 | 1 | 3,4 | 6 | 20,7 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 221 | 148 | 67,0 | 5 | 2,3 | 63 | 28,5 | 5 | 2,3 |
| Alls | 9058 | 6714 | 74,1 | 434 | 4,8 | 1865 | 20,6 | 45 | 0,5 |

## Ríkissaksóknari

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | | | | | | | | | |
| Landráð | 1 | 1 | 100 | 0 | | 0 | | 0 | 0 |
| Brot gegn valdstjórninni | 133 | 82 | 61,7 | 11 | 8,3 | 38 | 28,6 | 2 | 1,5 |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 6 | 3 | 50,0 | 0 | | 1 | 16,7 | 2 | 33,3 |
| Brot í opinberu starfi | 73 | 10 | 13,7 | 1 | 1,4 | 62 | 84,9 | 0 | 0,0 |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 11 | 9 | 81,8 | 0 | | 2 | 18,2 | 0 | 0,0 |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 2 | 2 | 100,0 | 0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 5 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 30 | 20 | 66,7 | 2 | 6,7 | 8 | 26,7 | 0 | 0,0 |
| Sifskaparbrot | 2 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Kynferðisbrot | 257 | 131 | 51,0 | 3 | 1,2 | 122 | 47,5 | 1 | 0,4 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 164 | 95 | 57,9 | 2 | 1,2 | 64 | 39,0 | 3 | 1,8 |
| Brot gegn frjálsræði manna | 22 | 16 | 72,7 | 0 | 0,0 | 2 | 9,1 | 4 | 18,2 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 25 | 11 | 44,0 | 0 | 0,0 | 14 | 56,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 85 | 74 | 87,1 | 0 | 0,0 | 11 | 12,9 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 25 | 21 | 84,0 | 0 | 0,0 | 4 | 16,0 | 0 | 0,0 |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 25 | 24 | 96,0 | 0 | 0,0 | 1 | 4,0 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 6 | 5 | 83,3 | 1 | 16,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Veiðilög | 2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 74 | 73 | 98,6 | 0 | 0,0 | 1 | 1,4 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 17 | 15 | 88,2 | 0 | 0,0 | 2 | 11,8 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 19 | 19 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 21 | 9 | 42,9 | 1 | 4,8 | 8 | 38,1 | 3 | 14,3 |
| ALLS | 1009 | 629 | 62,3 | 23 | 2,3 | 342 | 33,9 | 15 | 1,5 |

## Ríkislögreglustjórinn

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | | | | | | | | | |
| Brot í opinberu starfi | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 15 | 8 | 53,3 | 0 | 0,0 | 7 | 46,7 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 76 | 72 | 94,7 | 0 | 0,0 | 4 | 5,3 | 0 | 0,0 |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Skattalög | 124 | 114 | 91,9 | 0 | 0,0 | 10 | 8,1 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 21 | 16 | 76,2 | 0 | 0,0 | 5 | 23,8 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 240 | 214 | 89,2 | 0 | 0,0 | 26 | 10,8 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Brot gegn valdstjórninni | 5 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Brot í opinberu starfi | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 2 | 0 | 0,0 | | 0,0 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 3 | 1 | 33,3 | 0 | 0,0 | 2 | 66,7 | 0 | 0,0 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 74 | 32 | 43,2 | 18 | 24,3 | 24 | 32,4 | 0 | 0,0 |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 329 | 128 | 38,9 | 37 | 11,2 | 163 | 49,5 | 1 | 0,3 |
| Brot gegn frjálsræði manna | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 80 | 18 | 22,5 | 14 | 17,5 | 48 | 60,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 1113 | 404 | 36,3 | 250 | 22,5 | 450 | 40,4 | 9 | 0,8 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 279 | 108 | 38,7 | 29 | 10,4 | 141 | 50,5 | 1 | 0,4 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 3 | 2 | 66,7 | 0 | 0,0 | 1 | 33,3 | 0 | 0,0 |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 325 | 253 | 77,8 | 4 | 1,2 | 68 | 20,9 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 81 | 48 | 59,3 | 1 | 1,2 | 32 | 39,5 | 0 | 0,0 |
| Veiðilög | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 4 | 1 | 25,0 | 0 | 0,0 | 3 | 75,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 24 | 23 | 95,8 | 0 | 0,0 | 1 | 4,2 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 26 | 7 | 26,9 | 1 | 3,8 | 18 | 69,2 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 1060 | 980 | 92,5 | 8 | 0,8 | 72 | 6,8 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 645 | 566 | 87,8 | 1 | 0,2 | 78 | 12,1 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 271 | 263 | 97,0 | 0 | 0,0 | 8 | 3,0 | 0 | 0,0 |
| Lyfjaakstur | 20 | 14 | 70,0 | 1 | 5,0 | 5 | 25,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 106 | 51 | 48,1 | 3 | 2,8 | 52 | 49,1 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 4455 | 2901 | 65,1 | 367 | 8,2 | 1176 | 26,4 | 11 | 0,2 |

## Lögreglustjórinn á Akranesi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 12 | 10 | 83,3 | 0 | 0,0 | 2 | 16,7 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 4 | 4 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 4 | 1 | 25,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 3 | 75,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 5 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 15 | 15 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 1 | | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 33 | 32 | 97,0 | 1 | 3,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 23 | 23 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 66 | 66 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 170 | 162 | 95,3 | 2 | 1,2 | 3 | 1,8 | 3 | 1,8 |

## Lögreglustjórinn í Borgarnesi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 5 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 6 | 6 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 10 | 10 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 21 | 21 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 28 | 27 | 96,4 | 1 | 3,6 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 22 | 22 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 53 | 53 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn í Stykkishólmi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 9 | 6 | 66,7 | 0 | 0,0 | 3 | 33,3 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 2 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 4 | 3 | 75,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 25,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 4 | 1 | 25,0 | 0 | 0,0 | 3 | 75,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 3 | 3 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 28 | 27 | 96,4 | 0 | 0,0 | 1 | 3,6 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 18 | 18 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 11 | 11 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 85 | 76 | 89,4 | 0 | 0,0 | 8 | 9,4 | 1 | 1,2 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Kynferðisbrot | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 11 | 3 | 27,3 | 2 | 18,2 | 6 | 54,5 | 0 | 0,0 |
| Brot gegn frjálsræði manna | 7 | 1 | 14,3 | 0 | 0,0 | 6 | 85,7 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 19 | 17 | 89,5 | 0 | 0,0 | 2 | 10,5 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 13 | 3 | 23,1 | 0 | 0,0 | 10 | 76,9 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 6 | 5 | 83,3 | 0 | 0,0 | 1 | 16,7 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Veiðilög | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 17 | 17 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 2 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 20 | 18 | 90,0 | 0 | 0,0 | 2 | 10,0 | 0 | 0,0 |
| Lyfjaakstur | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 18 | 17 | 94,4 | 0 | 0,0 | 1 | 5,6 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 18 | 15 | 83,3 | 0 | 0,0 | 3 | 16,7 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 9 | 8 | 88,9 | 0 | 0,0 | 1 | 11,1 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 147 | 110 | 74,8 | 2 | 1,4 | 35 | 23,8 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Blönduósi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 8 | 4 | 50,0 | | 0,0 | 4 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | | 0,0 | | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 8 | 7 | 87,5 | | 0,0 | 1 | 12,5 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 1 | 1 | 100,0 | | 0,0 | | 0,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 5 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Veiðilög | 2 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 3 | 3 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 80 | 76 | 95,0 | 0 | 0,0 | 4 | 5,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 12 | 12 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 7 | 7 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 129 | 118 | 91,5 | 0 | 0,0 | 11 | 8,5 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Sauðárkróki

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 8 | 3 | 37,5 | 2 | 25,0 | 3 | 37,5 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 9 | 9 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 9 | 9 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | |
| Áfengislög | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 27 | 27 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 11 | 11 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 7 | 7 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 76 | 70 | 92,1 | 2 | 2,6 | 4 | 5,3 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Akureyri

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 25 | 21 | 84,0 | 0 | 0,0 | 4 | 16,0 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 10 | 9 | 90,0 | 0 | 0,0 | 1 | 10,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 88 | 73 | 83,0 | 8 | 9,1 | 7 | 8,0 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 22 | 18 | 81,8 | 0 | 0,0 | 4 | 18,2 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 78 | 78 | 100,0 | 0 | 0,0 | | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 5 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 | | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 219 | 217 | 99,1 | 0 | 0,0 | 2 | 0,9 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 69 | 50 | 72,5 | 0 | 0,0 | 19 | 27,5 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 46 | 38 | | 0 | 0,0 | 8 | 17,4 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 7 | 6 | 85,7 | 1 | 14,3 | | 0,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 570 | 516 | 90,5 | 9 | 1,6 | 45 | 7,9 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Húsavík

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 3 | 1 | 33,3 | 0 | 0,0 | 2 | 66,7 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 4 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 4 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 2 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 7 | 6 | 85,7 | 0 | 0,0 | 1 | 14,3 | 0 | 0,0 |
| Lyfjaakstur | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 9 | 7 | 77,8 | 0 | 0,0 | 2 | 22,2 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 34 | 19 | 55,9 | 0 | 0,0 | 15 | 44,1 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 5 | 1 | 20,0 | 2 | 40,0 | 0 | 0,0 | 2 | 40,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 7 | 1 | 14,3 | 4 | 57,1 | 2 | 28,6 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 6 | 4 | 66,7 | 0 | 0,0 | 1 | 16,7 | 1 | 16,7 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 4 | 1 | 25,0 | 1 | 25,0 | 2 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 2 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 1 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 0 | 0,0 | 1 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 10 | 10 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lyfjaakstur | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 12 | 12 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 3 | 3 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 4 | 2 | 50,0 | 0 | 0,0 | 2 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 60 | 39 | 65,0 | 10 | 16,7 | 8 | 13,3 | 3 | 5,0 |

## Lögreglustjórinn á Eskifirði

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 8 | 2 | 25,0 | 1 | 12,5 | 4 | 50,0 | 1 | 12,5 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 22 | 18 | 81,8 | 1 | 4,5 | 3 | 13,6 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 10 | 4 | 40,0 | 3 | 30,0 | 2 | 20,0 | 1 | 10,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 4 | 1 | 25,0 | 1 | 25,0 | 1 | 25,0 | 1 | 25,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 3 | 3 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 3 | 1 | 33,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 66,7 |
| Lög um fiskveiðar | 4 | 2 | 50,0 | 0 | 0,0 | 2 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 22 | 22 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 24 | 21 | 87,5 | 0 | 0,0 | 3 | 12,5 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 7 | 7 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 3 | | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 33,3 | 2 | 66,7 |
| ALLS | 112 | 81 | 72,3 | 6 | 5,4 | 18 | 16,1 | 7 | 6,3 |

## Lögreglustjórinn á Hvolsvelli

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 9 | 5 | 55,6 | 0 | 0,0 | 4 | 44,4 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 5 | 4 | 80,0 | 1 | 20,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 6 | 5 | 83,3 | 0 | 0,0 | 1 | 16,7 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 65 | 56 | 86,2 | 2 | 3,1 | 7 | 10,8 | 0 | 0,0 |
| Lyfjaakstur | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 25 | 16 | 64,0 | 0 | 0,0 | 9 | 36,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 14 | 14 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 128 | 101 | 78,9 | 4 | 3,1 | 23 | 18,0 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Selfossi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 44 | 27 | 61,4 | 0 | 0,0 | 17 | 38,6 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 15 | 11 | 73,3 | 0 | 0,0 | 3 | 20,0 | 1 | 6,7 |
| Auðgunarbrot | 53 | 40 | 75,5 | 0 | 0,0 | 13 | 24,5 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 25 | 16 | 64,0 | 0 | 0,0 | 9 | 36,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 62 | 60 | 96,8 | 0 | 0,0 | 2 | 3,2 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 5 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 12 | 12 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 509 | 500 | 98,2 | 0 | 0,0 | 9 | 1,8 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 92 | 86 | 93,5 | 0 | 0,0 | 6 | 6,5 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 137 | 137 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 24 | 21 | 87,5 | 0 | 0,0 | 3 | 12,5 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 979 | 916 | 93,6 | 0 | 0,0 | 62 | 6,3 | 1 | 0,1 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 15 | 11 | 73,3 | 1 | 6,7 | 3 | 20,0 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 2 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 3 | 2 | 66,7 | 1 | 33,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 4 | 1 | 25,0 | 0 | 0,0 | 1 | 25,0 | 2 | 50,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 16 | 16 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 13 | 12 | 92,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 7,7 |
| Ölvunarakstur | 16 | 15 | 93,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 6,3 |
| Fíkniefnaakstur | 5 | 5 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 76 | 64 | 84,2 | 4 | 5,3 | 4 | 5,3 | 4 | 5,3 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| ALMENN HEGNINGARLÖG | | | | | | | | | |
| Brot gegn valdstjórninni | 3 | 1 | 33,3 | 0 | 0,0 | 2 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 15 | 11 | 73,3 | 0 | 0,0 | 4 | 26,7 | 0 | 0,0 |
| Sifskaparbrot | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 77 | 34 | 44,2 | 1 | 1,3 | 42 | 54,5 | 0 | 0,0 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 18 | 4 | 22,2 | 2 | 11,1 | 12 | 66,7 | 0 | 0,0 |
| Auðgunarbrot | 31 | 28 | 90,3 | 0 | 0,0 | 3 | 9,7 | 0 | 0,0 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 12 | 2 | 16,7 | 0 | 0,0 | 6 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 65 | 58 | 89,2 | 1 | 1,5 | 6 | 9,2 | 0 | 0,0 |
| Vopnalög | 2 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Áfengislög | 2 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 | 1 | 50,0 | 0 | 0,0 |
| Umferðarlög, önnur en lyfja- ölvunar- og fíkniefnaakstur | 128 | 127 | 99,2 | 0 | 0,0 | 5 | 3,9 | 0 | 0,0 |
| Ölvunarakstur | 96 | 95 | 99,0 | 0 | 0,0 | 1 | 1,0 | 0 | 0,0 |
| Fíkniefnaakstur | 175 | 174 | 99,4 | 0 | 0,0 | 1 | 0,6 | 0 | 0,0 |
| Lyfjaakstur | 4 | 4 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Önnur sérrefsilög | 9 | 8 | 88,9 | 0 | 0,0 | 1 | 11,1 | 0 | 0,0 |
| ALLS | 639 | 549 | 85,9 | 4 | 0,6 | 86 | 13,5 | 0 | 0,0 |

## Öll mál

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 8783 | 5944 | 67,7 | 455 | 5,2 | 2339 | 26,6 | 45 | 0,5 |
| 2005 | 7256 | 5122 | 70,6 | 309 | 4,3 | 1725 | 23,7 | 100 | 1,4 |
| 2006 | 7701 | 5723 | 74,3 | 302 | 3,9 | 1614 | 21,0 | 62 | 0,8 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 9058 | 6715 | 74,1 | 434 | 4,8 | 1865 | 20,6 | 45 | 0,5 |

## Ríkissaksóknari

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 532 | 302 | 56,7 | 3 | 0,6 | 227 | 42,7 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 380 | 255 | 66,9 | 3 | 0,8 | 121 | 32,0 | 1 | 0,3 |
| 2006 | 563 | 329 | 58,4 | 10 | 1,8 | 223 | 39,6 | 1 | 0,2 |
| 2007 | 840 | 434 | 51,7 | 12 | 1,5 | 384 | 45,7 | 10 | 1,1 |
| 2008 | 1009 | 629 | 62,3 | 23 | 2,3 | 342 | 33,9 | 15 | 1,5 |

## Ríkislögreglustjórinn

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 191 | 159 | 83,2 | 0 | 0,0 | 32 | 16,8 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 44 | 37 | 84,1 | 0 | 0,0 | 7 | 15,9 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 168 | 166 | 98,8 | 0 | 0,0 | 2 | 1,2 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 240 | 214 | 89,2 | 0 | 0,0 | 26 | 10,8 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 5237 | 3288 | 62,8 | 387 | 7,4 | 1530 | 29,2 | 32 | 0,6 |
| 2005 | 4543 | 3023 | 66,6 | 278 | 6,1 | 1165 | 25,6 | 77 | 1,7 |
| 2006 | 4465 | 3142 | 70,3 | 266 | 6,0 | 1019 | 22,8 | 38 | 0,9 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 4455 | 2901 | 65,1 | 367 | 8,2 | 1176 | 26,4 | 11 | 0,2 |

## Lögreglustjórinn á Akranesi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 75 | 63 | 84,0 | 1 | 1,3 | 11 | 14,7 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 67 | 63 | 94,0 | 1 | 1,5 | 2 | 3,0 | 1 | 1,5 |
| 2006 | 101 | 90 | 89,1 | 0 | 0,0 | 6 | 5,9 | 5 | 5,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 170 | 162 | 95,3 | 2 | 1,2 | 3 | 1,8 | 3 | 1,8 |

## Lögreglustjórinn í Borgarnesi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 80 | 63 | 78,7 | 7 | 8,8 | 10 | 12,5 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 109 | 72 | 66,1 | 0 | 0,0 | 37 | 33,9 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 189 | 148 | 78,3 | 1 | 0,5 | 40 | 21,2 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 151 | 150 | 99,3 | 1 | 0,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 86 | 78 | 90,7 | 0 | 0,0 | 7 | 8,1 | 1 | 1,2 |
| 2005 | 136 | 61 | 44,9 | 1 | 0,7 | 6 | 4,4 | 68 | 50,0 |
| 2006 | 99 | 91 | 91,9 | 0 | 0,0 | 8 | 8,1 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 85 | 76 | 89,4 | 0 | 0,0 | 8 | 9,4 | 1 | 1,2 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 242 | 183 | 75,6 | 7 | 2,9 | 52 | 21,5 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 185 | 155 | 83,8 | 1 | 0,5 | 29 | 15,7 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 140 | 81 | 57,8 | 2 | 1,4 | 53 | 37,9 | 4 | 2,9 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 147 | 110 | 74,8 | 2 | 1,4 | 35 | 23,8 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Blönduósi

| Ár | Alls Fjöldi | Ákærur Fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2004 | 75 | 52 | 69,3 | 0 | 0,0 | 23 | 30,7 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 84 | 73 | 86,9 | 0 | 0,0 | 11 | 13,1 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 97 | 92 | 94,8 | 0 | 0,0 | 5 | 5,2 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 129 | 118 | 91,5 | 0 | 0,0 | 11 | 8,5 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Sauðárkróki

| Ár | Alls Fjöldi | Ákærur Fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2004 | 70 | 39 | 55,7 | 0 | 0,0 | 31 | 44,3 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 24 | 20 | 83,3 | 0 | 0,0 | 4 | 16,7 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 55 | 47 | 85,5 | 0 | 0,0 | 5 | 9,0 | 3 | 5,5 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 76 | 70 | 92,1 | 2 | 26,3 | 4 | 5,3 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Akureyri

| Ár | Alls Fjöldi | Ákærur Fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2004 | 710 | 664 | 93,5 | 6 | 0,9 | 37 | 5,2 | 3 | 0,4 |
| 2005 | 524 | 473 | 90,2 | 2 | 0,4 | 47 | 9,0 | 2 | 0,4 |
| 2006 | 476 | 400 | 84.0 | 2 | 0,4 | 72 | 15,2 | 2 | 0,4 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 570 | 516 | 90,5 | 9 | 1,6 | 45 | 7,9 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Húsavík

| Ár | Alls Fjöldi | Ákærur Fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2004 | 78 | 63 | 80,7 | 2 | 2,6 | 13 | 16,7 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 52 | 36 | 69,2 | 0 | 0,0 | 16 | 30,8 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 49 | 38 | 77,6 | 1 | 2,0 | 10 | 20,4 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 34 | 19 | 55,9 | 0 | 0,0 | 15 | 44,1 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

| Ár | Alls Fjöldi | Ákærur Fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2004 | 89 | 60 | 67,4 | 2 | 2,2 | 24 | 27,0 | 3 | 3,4 |
| 2005 | 48 | 38 | 79,2 | 0 | 0,0 | 9 | 18,8 | 1 | 2,0 |
| 2006 | 51 | 42 | 82,3 | 1 | 2,0 | 8 | 15,7 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 60 | 39 | 65,0 | 10 | 16,7 | 8 | 13,3 | 3 | 5,0 |

## Lögreglustjórinn á Eskifirði

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 84 | 78 | 92,9 | 1 | 1,2 | 5 | 5,9 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 86 | 82 | 95,4 | 2 | 2,3 | 2 | 2,3 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 117 | 108 | 92,3 | 0 | 0,0 | 6 | 5,1 | 3 | 2,6 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 112 | 81 | 72,3 | 6 | 5,4 | 18 | 16,1 | 7 | 6,3 |

## Lögreglustjórinn á Hvolsvelli

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 61 | 53 | 86,9 | 1 | 1,6 | 7 | 11,5 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 47 | 30 | 63,8 | 0 | 0,0 | 17 | 36,2 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 58 | 43 | 74,1 | 5 | 8,6 | 10 | 17,3 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 128 | 101 | 78,9 | 4 | 3,1 | 23 | 18,0 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 140 | 79 | 56,4 | 15 | 10,7 | 46 | 32,9 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 152 | 101 | 66,4 | 12 | 7,9 | 39 | 25,7 | 0 | 0,0 |
| 2006 | 38 | 30 | 79,0 | 1 | 2,6 | 7 | 18,4 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 76 | 64 | 84,2 | 4 | 5,3 | 4 | 5,3 | 4 | 5,3 |

## Lögreglustjórinn á Selfoss

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 562 | 380 | 67,6 | 5 | 0,9 | 177 | 31,5 | 0 | 0,0 |
| 2005 | 571 | 438 | 76,7 | 1 | 0,2 | 117 | 20,5 | 15 | 2,6 |
| 2006 | 632 | 561 | 88,8 | 1 | 0,2 | 70 | 11,0 | 0 | 0,0 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 979 | 916 | 93,6 | 0 | 0,0 | 62 | 6,3 | 1 | 0,1 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2004 | 473 | 341 | 72,1 | 18 | 3,8 | 108 | 22,8 | 6 | 1,3 |
| 2005 | 281 | 175 | 62,3 | 7 | 2,5 | 96 | 34,1 | 3 | 1,1 |
| 2006 | 403 | 315 | 78,1 | 12 | 3,0 | 70 | 17,4 | 6 | 1,5 |
| 2007 | | | | | | | | | |
| 2008 | 639 | 549 | 85,9 | 4 | 0,6 | 86 | 13,5 | 0 | 0,0 |

## 2.2. Ákærðir

**Aldur**

| Aldur | Fjöldi | Hlutfall % | Karlar | Hlutfall % | Konur | Hlutfall % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 15-19 ára | 464 | 14,4 | 388 | 14,2 | 76 | 15,6 |
| 20-24 ára | 759 | 23,5 | 644 | 23,5 | 115 | 23,6 |
| 25-29 ára | 577 | 17,9 | 501 | 18,3 | 76 | 15,6 |
| 30-34 ára | 381 | 11,8 | 333 | 12,2 | 48 | 9,9 |
| 35-39 ára | 263 | 8,2 | 218 | 8,0 | 45 | 9,2 |
| 40-44 ára | 242 | 7,5 | 204 | 7,5 | 38 | 7,8 |
| 45-49 ára | 212 | 6,6 | 178 | 6,5 | 34 | 7,0 |
| 50-54 ára | 155 | 4,8 | 129 | 4,7 | 26 | 5,3 |
| 55-59 ára | 72 | 2,2 | 57 | 2,1 | 15 | 3,1 |
| 60-69 ára | 81 | 2,5 | 68 | 2,5 | 13 | 2,7 |
| 70 ára og eldri | 18 | 0,6 | 17 | 0,6 | 1 | 0,2 |
| Alls | 3224 | 100,0 | 2737 | 100,0 | 487 | 100,0 |

**Kyn**

| Aldur | Fjöldi | Hlutfall % |
|---|---|---|
| Karl | 2737 | 84,5 |
| Kona | 487 | 15,0 |
| Lögaðilar | 14 | 0,4 |
| Alls | 3238 | 100,0 |

## 2.3 Einstakir brotaflokkar hjá ríkissaksóknara

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fíkniefnabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2008 og er miðað við stöðu málanna um áramótin 2008/2009. Til samanburðar eru einnig tölur vegna áranna 2004 til 2007. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri en eitt brot. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri en eitt brot. Þess er sérstaklega getið ef fleiri en eitt mál eru sett saman í ákæru.

**Tafla: Manndráp (211. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2004 | 4 | 0 | 0 | 4 | 100 | 1 | 25 | 3 | 75 | 4 | 0 | 3 | 0 |
| 2005 | 9 | 0 | 0 | 9 | 100 | 6 | 67 | 3 | 33 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2006 | 6 | 0 | 0 | 6 | 100 | 1 | 17 | 5 | 83 | 4 | 0 | 4 | 0 |
| 2007 | 3 | 0 | 0 | 3 | 100 | 0 | 0 | 3 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2008 | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 0 | 0 | 2 | 100 | 2 | 0 | 1 | 1 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 211. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að í einu máli sem barst á árinu 2004 og tveimur sem bárust á árinu 2005 var sýknað vegna skorts á sakhæfi en ákærða gert að sæta öryggisgæslu. Í þremur af þeim málum sem sýknað var í árið 2005 vegna tilrauna til manndráps voru sakborningar þess í stað sakfelldir fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Árið 2004 var fjórum málum áfrýjað til Hæstaréttar en fallið var frá áfrýjun í einu þeirra.

Á árinu 2006 bárust ríkissaksóknara 6 mál þar sem brot voru heimfærð undir 211. gr. almennra hegningarlaga og var í öllum tilvikum um að ræða tilraunabrot. Í einu máli var sýknað vegna skorts á sakhæfi og ákærða gert að sæta öryggisgæslu.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara þrjú mál sem talin voru varða við 211. gr. og var í öllum tilvikum um að ræða tilraunabrot.

Á árinu 2008 bárust ríkissaksóknara tvö mál sem heimfærð voru undir ákvæði 211. gr. en í öðru þeirra var talið að um tilraunaverknað væri að ræða.

**Tafla: Líkamsárás (2. mgr. 218. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2004 | 29 | 2 | 7 | 27 | 93 | 3 | 11 | 24 | 89 | 7 | 0 | 7 | 0 |
| 2005 | 30 | 0 | 0 | 30 | 100 | 5 | 17 | 25 | 83 | 5 | 0 | 5 | 0 |
| 2006 | 25 | 1 | 4 | 24 | 96 | 2 | 8 | 22 | 92 | 7 | 0 | 7 | 0 |
| 2007 | 35 | 6 | 17 | 27 | 77 | 2 | 7 | 24 | 89 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2008 | 58 | 11 | 19 | 38 | 66 | 0 | 0 | 20 | 52 | 1 | 0 | 0 | 1 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 35 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út 27 ákærur en 6 málanna voru felld niður þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellis. Í einu máli var fallið frá saksókn og eitt mál var endursent lögreglu til frekari rannsóknar. Einu af þeim málum sem ákært var í er enn ódæmt.

Á árinu 2008 bárust 58 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Í byrjun árs 2009 höfðu 11 málanna verið felld niður, ákært hafði verið í 38 þeirra, fallið frá saksókn í einu máli en 8 mál höfðu ekki verið afgreidd.

**Tafla: Fíkniefnabrot (173. gr. a. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2004 | 9 | 0 | 0 | 9 | 100 | 1 | 11 | 7 | 78 | 4 | 0 | 2 | 0 |
| 2005 | 12 | 0 | 0 | 12 | 100 | 0 | 0 | 12 | 100 | 4 | 0 | 3 | 0 |
| 2006 | 9 | 1 | 11 | 8 | 89 | 0 | 0 | 8 | 100 | 4 | 0 | 4 | 0 |
| 2007 | 10 | 1 | 10 | 9 | 90 | 2 | 22 | 7 | 78 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2008 | 10 | 0 | 0 | 9 | 90 | 0 | 0 | 7 | 78 | 1 | 0 | 0 | 1 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a. almennra hegningarlaga, þ.e. stórfelld fíkniefnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að árið 2004 var ákært í 9 málum en ein ákæra var afturkölluð þar sem ákærði lést. Á því ári var fjórum dómum áfrýjað til Hæstaréttar. Í tveimur málum var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest og ein áfrýjun var afturkölluð. Fjórða málinu var einungis áfrýjað í því skyni að endurskoðuð yrði ákvörðun héraðsdóms um upptöku fjármuna og staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu. Á árinu 2005 var fjórum málum áfrýjað til Hæstaréttar en ein áfrýjunin var afturkölluð áður en málið var tekið til meðferðar fyrir réttinum.

Í fjórum af 9 málum sem bárust árið 2006 voru fleiri en einn sakborningur og málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli. Í þeim tilvikum telst hafa verið ákært í máli.

Á árinu 2007 bárust 10 mál er vörðuðu stórfelld fíkniefnabrot. Ákært var í 9 þeirra en eitt var fellt niður þar sem það var ekki talið líklegt til sakfellis. Af þeim 9 sem ákært var í var sakfellt í 6 málum, sýknað í tveimur málum. Í einu máli varð niðurstaðan bæði í héraðsdómi og Hæstarétti að annar sakborninga var sýknaður en hinn sakfelldur og telst hafa verið sakfellt í þeim málum. Í fjórum málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Á árinu 2008 bárust einnig 10 mál. Í ársbyrjun 2009 hafði verið ákært í 9 þeirra en ákvörðun um saksókn hafði ekki verið tekin í einu máli. Dómar höfðu þá ekki fallið í tveimur af þeim málum sem ákært var í.

**Tafla: Kynferðisbrot (194. - 198. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2004 | 43 | 32 | 74 | 11 | 26 | 3 | 27 | 8 | 73 | 6 | 0 | 6 | 0 |
| 2005 | 52 | 33 | 63 | 19 | 37 | 8 | 42 | 10 | 53 | 5 | 0 | 5 | 0 |
| 2006 | 69 | 51 | 74 | 18 | 26 | 6 | 33 | 12 | 67 | 8 | 0 | 8 | 0 |
| 2007 | 71 | 59 | 83 | 19 | 27 | 2 | 11 | 17 | 89 | 11 | 1 | 10 | 0 |
| 2008 | 48 | 26 | 54 | 10 | 21 | 4 | 40 | 1 | 10 | 3 | 0 | 1 | 2 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hlutfall niðurfelldra mála er hátt í þessum málaflokki og einnig hlutfall sýknudóma. Árið 2007 sker sig hins vegar úr að því leyti að einungis er sýknað í 2 af þeim 19 málum sem ákært var í.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að eitt mál sem ákært var í árið 2005 er ólokið þar sem ákærði fór af landi brott og hefur enn ekki fundist.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 71 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 49 felld niður en gefin út ákæra í 19 málum. Eitt mál er óafgreitt og tvö voru endursend lögreglu til frekari rannsóknar. Í einni ákæru voru fjögur mál og er vakin athygli á því að þau eru í töflu talin sem fjórar ákærur.

Á árinu 2008 bárust alls 48 mál og voru 10 þeirra óafgreidd um áramót. Af þeim 38 sem voru afgreidd voru 26 felld niður, eitt sent erlendis til afgreiðslu og ákært í 11 málum en dómur hafði ekki fallið í 5 þeirra um áramót. Í einni ákæru voru tvö mál á hendur sama sakborningi.

**Tafla: Kynferðisbrot (200. - 202. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2004 | 58 | 28 | 48 | 29 | 50 | 8 | 28 | 21 | 72 | 8 | 1 | 6 | 0 |
| 2005 | 35 | 17 | 48 | 16 | 46 | 7 | 44 | 9 | 56 | 6 | 0 | 6 | 0 |
| 2006 | 59 | 34 | 57 | 24 | 41 | 3 | 12 | 21 | 88 | 5 | 1 | 4 | 0 |
| 2007 | 66 | 29 | 44 | 37 | 56 | 7 | 19 | 30 | 81 | 14 | 1 | 13 | 0 |
| 2008 | 67 | 18 | 27 | 25 | 37 | 3 | 12 | 12 | 48 | 8 | 0 | 0 | 8 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að á árinu 2004 lauk einu máli með ákærufrestun og af þeim 8 málum sem var áfrýjað til Hæstaréttar var einu máli vísað frá.

Á árinu 2005 var fallið frá saksókn í einu máli og gefin út skilorðsbundin ákærufrestun í einu máli.

Alls bárust 59 mál á árinu 2006 sem voru talin varða við ákvæði 200.-202. gr. hgl. Af þessum 59 málum voru 34 felld niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Ákært var í 24 málum, fallið var frá saksókn í einu máli.

Á árinu 2008 bárust 67 mál og voru 19 þeirra óafgreidd um áramót, í þremur var fallið frá saksókn og tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Um áramót var ekki búið að dæma í 10 af þeim málum sem gefin hafði verið út ákæra í.

| Tafla: Kynferðisbrot (209. gr. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2004 | 21 | 9 | 43 | 11 | 52 | 2 | 18 | 9 | 82 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2005 | 17 | 5 | 29 | 10 | 59 | 5 | 50 | 5 | 50 | 3 | 1 | 2 | 0 |
| 2006 | 20 | 8 | 40 | 12 | 60 | 3 | 25 | 9 | 75 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2007 | 29 | 13 | 45 | 12 | 41 | 3 | 250 | 9 | 75 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2008 | 27 | 11 | 41 | 12 | 44 | 2 | 17 | 9 | 75 | 2 | 0 | 0 | 2 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að á árið 2004 lauk einu máli með ákvörðun um að hætta rannsókn á grundvelli 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Á árinu 2005 var fallið frá saksókn í tveimur málum.

Alls bárust ríkissaksóknara 29 mál á árinu 2007 þar sem brot voru heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 12 málum þar af voru í einni ákæru fjögur mál saman vegna sama sakbornings og í annarri voru tvö mál saman.

Á árinu 2008 bárust 27 mál og voru 11 þeirra felld niður með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellis og fjögur voru óafgreidd um áramót. Samtals voru gefnar út 12 ákærur en í einni ákæru ákært í 8 málum á hendur sama manni. Í einu af þeim málum sem ákæra var gefin út í hafði ekki fallið dómur um áramót.

| Tafla: Kynferðisbrot (210. gr. hgl.) | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2004 | 6 | 1 | 17 | 5 | 83 | 1 | 20 | 4 | 80 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2005 | 13 | 3 | 23 | 10 | 77 | 1 | 10 | 9 | 90 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2006 | 19 | 3 | 16 | 16 | 84 | 1 | 7 | 15 | 93 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2007 | 19 | 5 | 26 | 11 | 58 | 0 | 0 | 11 | 100 | 5 | 0 | 5 | 0 |
| 2008 | 9 | 1 | 11 | 6 | 67 | 0 | 0 | 4 | 67 | 1 | 0 | 0 | 1 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Algengast er að um sé að ræða brot gegn 4. mgr. ákvæðisins vegna vörslu á barnaklámi.

Í fimm af þeim 19 málum sem bárust á árinu 2006 voru fleiri en einn sakborningur og málin felld niður á hendur sumum en aðrir ákærðir í sama máli. Þau mál eru í töflunni talin með þeim málum sem ákært var í.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 19 mál sem heimfærð voru undir ákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 12 málum. Í einni ákæru voru tvö mál og er vakin athygli á því að þau eru í töflu talin sem tvær ákærur. Þá voru 5 mál voru felld niður og tvö mál voru endursend lögreglu til frekari rannsóknar. Af þeim 19 málum sem bárust vörðuðu 16 þeirra ætluð brot gegn 4. mgr. ákvæðisins, tvö mál gegn 3. mgr. (afhending klámefnis til barna yngri en 18 ára) og eitt mál gegn 2. mgr. (innflutningur og útbreiðsla kláms). Enn er ódæmt í einu máli sem gefin var út ákæra í.

Á árinu 2008 bárust 9 mál og voru tvö þeirra óafgreidd um áramót. Af þeim 6 ákærum sem gefnar voru út á árinu hafði ekki fallið dómur vegna tveggja um áramót.

## 2.4. Fallið frá saksókn

Á árinu 2008 féll ríkissaksóknari frá saksókn í tuttugu málum samkvæmt heimild í 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 (nú 146. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála). Málsatvik voru í meginatriðum eins og hér greinir:

**2.4.1.** Maður hafði í vörslum sínum tæplega sex hundruð ljósmyndir á hörðum diski í tölvu á heimili sínu sem taldar voru sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Háttsemin var talin fela í sér kynferðisbrot og gat varðað

við 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga. Maðurinn var dæmdur fyrir önnur brot eftir að hann framdi þetta brot. Hefði samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga átt að ákveða refsingu í fyrra málinu eins og bæði málin hefðu verið dæmd saman. Var talið að ef umrædd brot hefðu verið dæmd saman hefðu fyrri brotin ekki haft nein áhrif til þyngingar þeirrar refsingar sem honum var gerð með dóminum. Fallið var frá saksókn með vísan til d-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.2.** Maður sem vistaður var á réttargeðdeild veittist að starfsmanni með því að bíta hann í upphandlegg. Starfsmaðurinn hlaut minniháttar bitáverka en gat hafa smitast af lifrarbólgu C. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Fyrir lá að maðurinn hafði með dómi í öðru máli verið talinn ósakhæfur vegna andlegra veikinda og dæmdur til að sæta öryggisgæslu sem hann sætti er atvik áttu sér stað. Fallið var frá saksókn vegna andlegra veikinda mannsins, sbr. b-lið 2. mgr. 113. gr.

**2.4.3.** Maður lést á byggingarvinnusvæði er hann féll til jarðar eftir að hafa verið lyft upp á vörubretti á göfflum lyftara. Háttsemin var talin fela í sér manndráp af gáleysi og gat varðað við 215. gr. almennra hegningarlaga. Hinn látni fór með verkstjórn og hafði mælt fyrir um framkvæmd þess með fyrrgreindum hætti. Þá var það niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins, að rekja mætti orsök slyssins til þess að lyftaranum hafði verið bakkað með manninn á vörubrettinu með bómuna útdregna í mikilli hæð þar til lyftarinn lenti í hliðarhalla á jarðvegsplani. Við það hafi stöðugleiki lyftarans raskast og hann því oltið á hliðina vegna þyngdartilfærslu. Ríkissaksóknari féllst á mat Vinnueftirlitsins. Þá lá einnig fyrir að Vinnueftirlitið hafði bent á að ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir varðandi umræddan verkþátt. Fallið var frá saksókn þar sem fyrir hendi þóttu sérstakar ástæður í málinu og ekki var talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar, sbr. f-lið 2. mgr. 113. gr.

**2.4.4.** Maður sem var sjúklingur á geðdeild bar eld að rúmdýnu á herbergi sínu en eldurinn var slökktur stuttu síðar. Með verknaðinum var maðurinn talinn hafa valdið almannahættu þar sem lífi annars sjúklings var stefnt í hættu og þar sem eldurinn gat hafa breiðst út og valdið yfirgripsmiklu eignatjóni. Háttsemin var talin fela í sér brennu og gat varðað við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga. Fallið var frá saksókn þar sem brotið var talið smávægilegt og að almannahagsmunir krefðust ekki málssóknar, sbr. a- og f-liði 2. mgr. 113. gr.

**2.4.5.** Kona sem hafði verið handtekin og flutt á lögreglustöð reif í hár kvenkyns lögreglumanns svo af hlaust eymsli í hársverði og andliti. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Málið fékk sáttameðferð og lauk með sáttasamningi og var af þeim ástæðum ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.6.** Lögregla lagði hald á kylfu og rafmagnsvopn við húsleit á heimili manns sem talinn var viðriðinn rán sem aðrir menn höfðu framið. Háttsemin var talin fela í sér vörslur og eign ólöglegra vopna og gat varðað við c-lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga. Maðurinn afsalaði sér vopnunum en var við lok rannsóknar ekki talinn hafa átt aðild að fyrrgreindu ránsbroti. Fallið var frá saksókn þar sem sakarefnið var talið smávægilegt og ekki var talið, eins og málið var vaxið, að almannahagsmunir krefðust málssóknar, sbr. a- og f-liði 2. mgr. 113. gr.

**2.4.7.** Erlend kona, sem hafði verið handtekin og flutt á lögreglustöð, sparkaði í læri lögreglumanns með þeim afleiðingum að hann marðist. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Eftir að atvik átti sér stað var kveðinn upp dómur í heimalandi konunnar um að hún skyldi, vegna alvarlegs geðsjúkdóms, vera nauðungarvistuð á geðsjúkrahúsi. Fallið var frá saksókn vegna andlegra veikinda konunnar, sbr. b-lið 2. mgr. 113. gr.

**2.4.8.** Maður sem hafði verið handtekinn af lögreglu fyrir minniháttar eignaspjöll á bifreið var fluttur á lögreglustöð. Á leiðinni hafði maðurinn í frammi hótanir um ofbeldi í garð lögreglumanns. Nokkrum dögum síðar greiddi maðurinn eiganda bifreiðarinnar skaðabætur vegna skemmda á bifreiðinni. Af hálfu bifreiðareigandans var ekki gerð refsikrafa. Háttsemi mannsins gagnvart lögreglumanninum var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Maðurinn var ungur að árum, hann hafði verið undir áhrifum áfengis og verið mjög reiður vegna atvika sem tengdust fyrrverandi kærustu hans. Þá voru hótanirnar taldar hafa verið minni háttar. Fallið var frá saksókn þar sem fyrir hendi þóttu sérstakar ástæður í málinu og ekki var talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar, sbr. f-lið 2. mgr. 113. gr.

**2.4.9.** Maður torveldaði störf lögreglu og veittist að lögreglumanni með því að slá til hans og sýna honum ógnandi framkomu. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Málið fékk sáttameðferð og lauk með sáttasamningi og var af þeim ástæðum ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.10.** Kona, sem var íbúi á sambýli fyrir fatlaða, kveikti eld í herbergi sínu. Með verknaðinum var konan talin hafa valdið almannahættu þar sem eldurinn gat hafa breiðst út og valdið verulegum skemmdum á húsnæðinu. Háttsemin var talin fela í sér brennu og gat varðað við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga. Konan hafði um langt skeið verið haldin alvarlegum geðsjúkdómi og var hún samkvæmt mati geðlæknis talin hafa verið ófær um að stjórna gerðum sínum vegna þess sjúkdóms á verknaðarstundu. Fallið var frá saksókn vegna andlegra veikinda konunnar, sbr. b-lið 2. mgr. 113. gr. Þá var ekki talið nauðsynlegt að gera kröfu um að konan yrði beitt öryggisráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga.

**2.4.11.** Fimm ára gamall drengur var ásamt fjölskyldu sinni í veislu á heimili andlega skerts manns. Þegar fjölskyldan var á heimleið sagði drengurinn frá því að maðurinn hefði sogið á honum tippið. DNA rannsókn studdi frásögn drengsins. Háttsemin var talin fela í sér kynferðisbrot og gat varðað við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Að mati geðlæknis var andlegur vanþroski mannsins og dómgreindarleysi á mjög háu stigi og var maðurinn ófær um að stjórna gerðum sínum. Fallið var frá saksókn vegna vegna vanþroska mannsins, sbr. b-lið 2. mgr. 113. gr. Þá var ekki talið nauðsynlegt að maðurinn yrði beittur öryggisráðstofunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga.

**2.4.12.** Maður var talinn hafa brotið gegn þagnarskyldu með því að hafa sagt óviðkomandi konu frá atvikum sem leynt áttu að fara og hann hafði vitneskju um í starfi sem lögreglumaður. Háttsemin var talin fela í sér brot í opinberu starfi og gat varðað við 136. gr. almennra hegningarlaga. Háttsemin tengdist tilhugalífi mannsins og andlegri vanlíðan hans. Eins og mál þetta var vaxið þóttu fyrir hendi sérstakar ástæður í málinu og ekki var talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.13.** Kona sem hafði verið svipt forsjá dóttur sinnar fór ásamt manni og sótti dótturina sem var í fóstri samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar. Fóru þau með stúlkuna á heimili konunna þar sem hún dvaldi í nokkra daga. Háttsemin var talin fela í sér sifskaparbrot og gat varðað við 193. gr. almennra hegningarlaga. Eins og mál þetta var vaxið þóttu fyrir hendi sérstakar ástæður í málinu og ekki var talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.14.** Maður sem fluttur var í lögreglubifreið veittist að lögreglumanni með líflátshótunum og hrækti framan í hann. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Málið fékk sáttameðferð og lauk með sáttasamningi og var af þeim ástæðum ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.15.** Maður, sem hafði verið handtekinn og var fluttur á lögreglustöð, veittist að lögreglumanni með því að ýta hné sínu upp á milli fóta hans. Lögreglumaðurinn hlaut af þessu nokkur óþægindi en slasaðist ekki. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Málið fékk sáttameðferð og lauk með sáttasamningi og var af þeim ástæðum ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.16.** Maður veittist að öðrum manni með hnífi á heimili sínu svo af hlaust minniháttar skurður á hendi. Háttsemin var talin fela í sér sérstaklega hættulega líkamsárás og gat varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Maðurinn hafði um lengt skeið verið alvarlega geðveikur og samkvæmt mati geðlæknis var hann talinn hafa verið í sturlunarástandi og ósakhæfur á verknaðarstundu. Fallið var frá saksókn vegna andlegra veikinda mannsins, sbr. b-lið 2. mgr. 113. gr. Þá var ekki talið nauðsynlegt að gera kröfu um að maðurinn yrði beittur öryggisráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga.

**2.4.17.** Lögreglumenn höfðu afskipti af ungmennum í samkvæmi í heimahúsi. Tvær stúlkur sem voru í samkvæminu veittust að lögreglumönnum með því að ýta við og sparka í lögreglumenn, hrækja á þá og reyna að bíta einn þeirra. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Málið fékk sáttameðferð og lauk með sáttasamningi og var af þeim ástæðum ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.18.** Andlega vanþroska maður, nýlega orðinn 15 ára, setti kynfæri sín inn í kynfæri 11 ára gamallar systur sinnar og viðhafði samfarahreyfingar. Háttsemin var talin fela í sér kynferðisbrot og gat varðað við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt geðrannsókn var maðurinn með lága greindarvísitölu og á mörkum þess að vera þroskaheftur. Samkvæmt mati geðlæknis var maðurinn ekki talinn ófær um að stjórna gerðum sínum en hins vegar var andlegur vanþroski á því stigi að mjög ólíklegt var að refsing bæri árangur. Eins og mál þetta var vaxið þóttu fyrir hendi sérstakar ástæður í málinu og ekki var talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.19.** Maður, sem lögregla hafði afskipti af utan við skemmtistað, veittist að lögreglumanni og sló hann í öxlinai. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Málið fékk sáttameðferð og lauk með sáttasamningi og var af þeim ástæðum ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.20.** Maður, sem vistaður var á réttargeðdeild veittist að tveimur starfsmönnum, með því að slá til þeirra með veggspegli og slá til þeirra og sparka. Starfsmennirnir hlutu minniháttar áverka. Háttsemin var talin fela í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Fyrir lá að maðurinn hafði með dómi í öðru máli verið talinn ósakhæfur vegna andlegra veikinda og dæmdur til að sæta öryggisgæslu sem hann sætti er atvik áttu sér stað. Fallið var frá saksókn vegna andlegra veikinda mannsins, sbr. b-lið 2. mgr. 113. gr.

## 2.5. Tímalengd gæsluvarðhalds

**Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2008 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.**

| | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 158 |
| Fjöldi einstaklinga | 152 |
| Dagar í gæslu | 5321 |

**Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 (nú 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008):**

| | Dagur | Meðaldagafjöldi | Lágm. | Hám. |
|---|---|---|---|---|
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 108. gr. | 3009 | 66,87 | 1 | 276 |
| bcd-liðir 1. mgr. 108. gr. | 301 | 8,85 | 1 | 70 |
| bcde-liðir 1. mgr. 108. gr. | 1241 | 10,34 | 1 | 43 |
| bd-liðar 1. mgr. 108. gr. | 8 | 8,00 | 8 | 8 |
| cd-liðir 1. mgr. 108. gr. | 10 | 21,00 | 3 | 57 |
| b-liðar 1. mgr. 108. gr. | 3 | 3,00 | 3 | 3 |
| Samtals | 4572 | | | |

*Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmiðlabann*

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.6. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 62 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn aflokinni, að höfða ekki mál með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mál (nú 147. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008).

**Kærur á grundvelli 1. mgr. 114. gr. oml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 62 | 22 | 39 |

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 13 |
| Líkamsárásir | 31 |
| Húsbrot | 2 |
| Ærumeiðingar og brot gegn einkalífi | 2 |
| Hótanir | 1 |
| Þjónaður | 3 |
| Eignaspjöll | 5 |
| Sérrefsilagabrot | 5 |
| Samtals | 62 |

- *1 kæra var afturkölluð*
- *Í 1 máli kært á ný eftir að ákv. var felld úr gildi*

Ríkissaksóknara bárust 108 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa kæru frá án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kæruheimildina er að finna í ákvæðinu, þ.e. 1. mgr. 76. gr. (nú 52. gr. laga um meðferð sakamála).

**Kærur á grundvelli 76.gr. oml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 108 | 52 | 54 |

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 26 |
| Brot í opinberu starfi | 1 |
| Rangar sakargiftir | 1 |
| Kynferðisbrot | 13 |
| Líkamsárásir | 13 |
| Húsbrot | 1 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 4 |
| Hótanir | 4 |
| Þjófnaðir | 5 |
| Eignaspjöll | 4 |
| Sérrefsilagabrot | 34 |
| Annað | 2 |
| Samtals | 108 |

- *1 kæra var afturkölluð*
- *1 máli ólokið*

## 2.7. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga fer ríkissaksóknari með rannsókn kærumála vegna ætlaðra refsiverðra brota starfsmanna lögreglu við framkvæmd starfa þeirra. Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn málanna. Ríkislögreglustjórinn veitti slíka aðstoð um hríð en undanfarin misseri hefur ríkissaksóknari notið aðstoðar frá Lögregluskóla ríkisins. Um rannsókn þessara mála og afgreiðslu fór skv. lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 á árinu 2008 (1. janúar 2009 tóku gildi lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 sem leystu af hólmi lög nr. 19/1991) Málalok samkvæmt lögunum getur verið með fernum hætti; kæru er vísað frá sbr. 1. mgr. 76. gr., rannsókn er hætt skv. sama ákvæði, málið er fellt niður að rannsókn ríkissaksóknara aflokinni ef það sem fram kemur við rannsóknina telst ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr., og að lokum er heimilt að falla frá saksókn skv. ákvæðum 113. gr. laganna þó að ætla megi samkvæmt játningu kærða og öðrum gögnum að brot hafi verið framið.

Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á ekki að beina til ríkissaksóknara heldur viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum.

Ríkissaksóknara bárust 26 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra á árinu 2008. Ákært var í einu máli, fallið frá saksókn í tveimur málum, kærum var vísað frá í fjórum málun, í ellefu málum var rannsókn hætt og átta mál voru rannsökuð að fullu en felld niður á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991.

Stór hluti kærumálanna, eða tíu, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa. Ekkert málanna leiddi til ákæru á hendur lögreglumönnum. Hins vegar var kærandi í einu málanna ákærður og sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni vegna sömu atburðarásar með því að beita ofbeldi gagnvart lögreglumanni sem hafði af honum afskipti. Var rannsókn hætt í þremur málum en fimm málum var lokið á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991. Einni kærunni var vísað frá en hún laut að töku þvagsýnis hjá kæranda. Í því tilviki þóttu ekki efni til að hefja rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi viðkomandi lögreglumanns, enda var ekki litið svo á að hann hefði með ummælum sínum um hugsanlega notkun þvagleggs haft í frammi hótanir í garð kæranda, en lagaheimild er til þvingaðrar töku þvagsýnis, og þá með notkun þvagleggs. Hins vegar var áréttað efni bréfa ríkissaksóknara til allra lögreglustjóra frá 21. september 2006 og 13. desember 2007, þar sem lýst er afstöðu til töku þvagsýna. Þar kemur m.a. fram það viðhorf ríkissaksóknara að forðast skuli þvagsýnatöku enda kunni slík sýnataka, í öllu falli þvinguð þvagsýnataka, almennt að vera niðurlægjandi fyrir sakborning.

Ríkissaksóknari gerði athugasemdir við vinnubrögð lögreglu í tveimur af þessum tíu málum, einkum með hliðsjón af meðalhófsreglunni, án þess að talið væri að um refsiverða háttsemi hefði verið að ræða. Í öðru málanna var þess vænst að af hálfu Lögregluskóla ríkisins, þar sem viðkomandi lögreglumaður/kærði stundaði nám, yrði farið gaumgæfilega yfir málið með kærða og honum bent á þau atriði sem betur hefðu mátt fara við framkvæmd lögreglustarfans. Í hinu málinu voru lögreglumenn látnir njóta vafans varðandi réttmæti handtöku kæranda sem fram fór á heimili hans í því skyni að færa hann til skýrslutöku vegna atvika sem áttu sér stað fjórum dögum áður. Ríkissaksóknari taldi að líta mætti svo á að um kvaðningu hafi verið að ræða þegar lögreglumennirnir knúðu dyra hjá kæranda og óskuð eftir að hann kæmi með þeim í skýrslutöku, en samkvæmt d-lið 98. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er lögreglu heimilt m.a. að handtaka mann ef hann hefur ekki að forfallalausu sinnt kvaðningu til að gefa skýrslu í opinberu máli. Var kæranda gefinn kostur á að fara með lögreglu á lögreglustöð til skýrslugjafar án þess að til valdbeitingar kæmi. Hann neitaði hins vegar að fara með lögreglu og tók sér hafnaboltakylfu í hönd. Fram kom við skýrslutökur hjá ríkissaksóknara að ákvörðun lögreglufulltrúa um að senda lögreglumenn til að sækja kæranda í skýrslutöku án fyrri boðunar eða kvaðningar byggðist á því mati hans að kærandi væri hættulegur. Ekki varð fullyrt að þetta mat hans hafi verið augljóslega rangt. Að mati ríkissaksóknara hefði hins vegar verið eðlilegt og í samræmi við meðalhófsreglu að gefa kæranda kost á að mæta í skýrslutöku, bréflega eða símleiðis, áður en lögreglumenn voru sendir til að sækja hann. Þá var og á það bent að rök hnígi að því að fyrirmæli lögreglufulltrúans um að sækja kæranda „með góðu eða illu“ hafi falið í sér skipun um handtöku hans

hver sem viðbrögð kæranda hefðu orðið. Var í þessu efni vísað til þess að þó svo hefði farið að kærandi hefði farið með lögreglu án þess að til beinnar valdbeitingar hefði komið þá væri ljóst að kærandi mátti búast við að skipun lögreglu yrði framfylgt með valdi. Líta mætti á það sem handtöku ef lögregla berði að dyrum heima hjá manni og skipaði honum að fylgja sér, án tillits til þess hvort hann ákveður að hlýða, þvert gegn vilja sínum, eða er leiddur á brott í handjárnum. Er þessi túlkun þó ekki hafin yfir allan vafa skv. dómafordæmum Hæstaréttar og nutu kærðu vafans um þetta atriði. Ekki var því sýnt fram á að kærðu/lögreglumennirnir hefðu með framgöngu sinni gerst sekir um refsiverða háttsemi skv. 131. og/eða 132. gr. almennra hegningarlaga þrátt fyrir að ekki hafi verið gætt meðalhófs gagnvart kæranda að þessu leyti.

Í fimm málum var kært meint ofbeldi/harðræði lögreglu án þess að það tengdist beint handtöku viðkomandi. Ekki var um það að ræða að kærendur bæru áverka vegna þessara samskipta sinna við lögreglu. Þrjú málanna voru rannsökuð að fullu en rannsókn hætt í tveimur þeirra.

Sex kærur bárust er vörðuðu innför lögreglu á heimili kærenda vegna gruns um brot af þeirra hálfu. Málin voru af ýmsum toga. Rannsókn fimm mála var hætt en einni kæru var vísað frá. Í því máli var lögregla kærð fyrir húsbrot og þjófnað þegar farið var inn í bílskúr og hundur sem dýralæknir taldi vera vanræktan var fjarlægður. Lögreglu höfðu borist nokkrar tilkynningar um að hundur væri eftirlitslaus og illa haldinn án matar og drykkjar í bílskúrnum. Eftir að lögreglumenn höfðu í tvígang kannað málið var ákveðið með hliðsjón af ástandi hundsins og aðstæðna í bílskúr þar sem hann var að taka hundinn í vörslur lögreglu. Í 4. mgr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994 segir að leiki grunur um alvarlegt brot á lögunum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, geti lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslum eiganda eða umsjónarmanns. Í því skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Taldi ríkissaksóknari að lögreglan hafi umrætt sinn aðhafst í samræmi við ákvæði laga og var kærunni vísað frá.

Ríkissaksóknara barst kæra frá manni sem taldi lögreglumann hafa gerst sekan um refsiverða háttsemi í tengslum við uppsetningu og notkun á öryggismyndavélum í Búnaðarbanka Íslands. Ríkissaksóknari taldi vafa leika á að tillögur lögreglumannsins varðandi uppsetningu myndavélanna, sem fram komu í samtali hans við aðallögfræðing bankans, tengdust framkvæmd starfa hans sem lögreglumanns, sbr. 1. mgr. 35. lögreglulaga nr. 90/1996. Þó svo að háttsemin teldist þáttur í framkvæmd lögreglustarfans þá var það mat ríkissaksóknara að ekki lægi fyrir grunur um saknæma háttsemi viðkomandi lögreglumanns þar sem uppsetning og notkun öryggismyndavélanna var lögmæt samkvæmt úrskurði Persónuverndar.

Vísað var frá kæru manns sem hafði glatað peningum sem hann kvaðst hafa haft á sér við handtöku. Maðurinn var færður á geðdeild í kjölfar handtökunnar og kvaðst hann ekki vita hvort peningarnir hafi horfið á lögreglustöðinni eða á sjúkrahúsinu en hann hafi þó fengið veskið óopnað hjá lögreglunni. Hvergi í gögnum lögreglumálsins var minnst á umrædda peninga. Þá nefndi kærandi sjálfur að hann hafi fengið veski sitt afhent frá lögreglu óopnað. Ekki var því talið að málið yrði frekar upplýst.

Fallið var frá saksókn á hendur lögreglumanni vegna ætlaðs þagnarskyldubrots í opinberu starfi sem lögreglumaður. Ríkissaksóknari taldi að háttsemi kærða varðaði við 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem hann hafði sagt óviðkomandi aðila frá atvikum sem leynt áttu að fara og hann hafði fengið vitneskju um í starfi sínu sem lögreglumaður. Var fallið frá saksókn á hendur kærða/lögreglumanninum með vísan til f. liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála en almannahagsmunir þóttu ekki krefjast opinberrar málshöfðunar á hendur honum. Ekki var um það að ræða að rannsóknarhagsmunum eða öðrum mikilsverðum hagsmunum hefði verið raskað með meintu broti kærða en málið sem hann ræddi við óviðkomandi var ekki refsimál auk þess sem því hafði verið lokið allnokkru áður.

Þá var fallið frá saksókn á hendur þremur lögreglumönnum fyrir ætlað brot í opinberu starfi við líkamsleit á handteknum manni/kæranda á lögreglustöð, en maðurinn var látinn afklæðast og beygja sig fram við leitina. Samkvæmt lögregluskýrslum var kærandi grunaður um minniháttar eignaspjöll og/eða brot gegn áfengislögum með óspektum en ekki um fíkniefnalagabrot. Með hliðsjón af leitinni virðist það samt sem áður hafa verið undirliggjandi ástæða fyrir aðgerðum lögreglu, að kærandi væri talinn vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og/eða hann hefði í fórum sínum slík efni. Var það mat ríkissaksóknara að líkamsleitin hafi verið ólögleg í skilningi 131. gr. almennra hegningarlaga og með leitinni hafi verið brotið gróflega gegn meðalhófsreglu, sbr. 2. mgr. 13. gr. og 14. gr. lögreglulaga og 2. mgr. 93. gr. laga nr. 88/2008, sbr. áður 4. mgr. 94. gr. laga nr. 19/1991. Varðstjóri þótti hafa brotið gegn fyrrgreindu refsiákvæði, sem yfirmaður, með því að hafa veitt lögreglumanni sem var næstráðandi vegna starfsnúmers, fyrirmæli um leit innan klæða á handteknum manni án viðhlítandi lagaheimildar og án nægjanlegs tilefnis. Þá þóttu tveir lögreglumenn hafa brotið gegn 131. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr., sömu laga, sem hlutdeildarmenn í fyrrgreindu broti varðstjórans, með því a hafa framkvæmt hina ólöglegu leit á kæranda samkvæmt fyrirmælum varðstjórans. Hins vegar þótti ástæða til að ætla að varðstjórinn og lögreglumennirnir hafi, er hin meintu brot þeirra voru framin, verið í villu um valdheimildir lögreglu sem hafi a.m.k. að hluta til stafað af verklagi sem viðhaft var í svipuðum málum og hafi tíðkast eða verið látið átölulaust er atvik áttu sér stað. Af þeim ástæðum þóttu almannahagsmunir ekki krefjast þess að umræddur varðstjóri og lögreglumenn yrðu sóttir til saka í refsimáli. Af hálfu ríkissaksóknara var því fallið frá saksókn á hendur þeim á grundvelli d-liðar 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008, sbr. áður f. lið 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991.

Ríkissaksóknari ákærði einn lögreglumann á árinu 2008 fyrir brot í opinberu starfi. Var hann ákærður og sakfelldur fyrir líkamsárás í starfi sínu sem lögreglumaður með því að hafa gripið um fatnað, háls og kverkar ungs manns/kæranda svo átök urðu á milli þeirra og snúið hann í gólfið með þeim afleiðingum að kærandi hlaut mar og rispur á líkamanum. Þegar

atvik áttu sér stað var lögregla að hafa afskipti af kæranda í verslun 10-11 vegna tilkynningar um þjófnað. Ákærði/lögreglumaðurinn var dæmdur til að greiða 120.000 króna sekt en sæta ella 10 daga fangelsi greiddist sektin ekki innan 4 vikna.

**Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 (nú 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008):**

| Ár | Kærur alls | Niðurfelling | Fallið frá saks. | Ranns. hætt | Kæru vísað frá | Dómur | Í vinnslu um áramót |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | 31 | 10 | 0 | 12 | 8 | 1 | |
| 2003 | 19 | 7 | 0 | 10 | 0 | 2 | |
| 2004 | 27 | 11 | 0 | 9 | 3 | 3 | |
| 2005 | 22 | 3 | 1 | 12 | 2 | 1 | 3 |
| 2006 | 17 | 2 | 0 | 6 | 1 | 0 | 8 |
| 2007 | 29 | 12 | 0 | 11 | 5 | 1 viðurl. | |
| 2008 | 26 | 5 | 1 | 6 | 4 | | 10 |

## 2.8 Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2008 voru 117 talsins.

Ákæruvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun í 30 málum en fallið var frá áfrýjun í einu. Hæstaréttur sakfelldi ákærðu/þyngdi refsingu í 13 málum, staðfesti niðurstöðu héraðsdóms í 14 og þar af í 7 málum um sýknu. Tveimur málanna var vísað heim í hérað.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 87 málum en fallið var frá áfrýjun í einu máli. Hæstiréttur sýknaði í 6 tilvikum, í 22 var refsing milduð, í 14 refsing þyngd og í 45 var niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Af þeim dómum sem áfrýjað var af frumkvæði ákæruvalds má nefna mál þar sem A hafði verið sýknaður fyrir brot gegn gegn lögum um happdrætti með því að hafa sem framkvæmdastjóri  M ehf.  keypt auglýsingapláss fyrir vefsíðuna www.betsson.com og þannig borið ábyrgð á birtingu auglýsinga vefsíðunnar, sem bauð upp á þátttöku í veðmálum, pókerspili og öðru happdrætti, sem ekki hafði verið veitt leyfi fyrir skv. lögum um happdrætti nr. 38/2005. Auglýsingarnar voru birtar mörg hundruð sinnum á sjónvarpsstöðvunum hér á landi. Í héraðsdómi sagði að ekkert væri fram komið um að með umræddum auglýsingum væri verið að kynna happdrættis- eða veðmálastarfsemi sem rekin væri hérlendis og var A þegar af þeirri ástæðu sýknaður. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna, sjá mál nr. 577/2008.

Þá var dómi í máli er varðaði kynferðisbrot grunnskólakennara gegn nemanda sínum áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til refsiþyngingar.  Hann hafði verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómur dæmdi hann til að sæta fangelsi í 15 mánuði, en skilorðsbatt refsinguna á þeim forsendum að gagnkvæmt ástarsamband hafi verið milli hans og nemandans. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 83/2008 kemur fram að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkvæmt framangreindu ákvæði og breytti engu þótt stúlkan hafi verið fús til að hafa við hann kynferðislegt samneyti. Brot ákærða hafi verið framin meðan hann var ennþá kennari stúlkunnar. Hann ætti sér engar málsbætur og væru því ekki forsendur fyrir því að binda refsinguna skilorði.
Ennfremur féll í Hæstarétti dómur í máli sem ríkissaksóknari hafði áfrýjað og varðaði brot á útvarpslögum. Var fyrirsvarsmönnum einkahlutafélags gefið að sök að hafa staðið fyrir því að tekið var á móti læstum útsendingum sjónvarpsstöðva í þeim tilgangi að veita aðilum sem ekki voru áskrifendur að umræddum útsendingum aðgang að þeim, og dreift gegn endurgjaldi og án heimildar til allt að 1650 aðila í Reykjanesbæ, allt þar til lögreglan stöðvaði útsendingarnar. Var háttsemi ákærðu talin varða við 32. gr. og 33. gr., sbr. 28. gr. útvarpslaga nr. 53/2000.  Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að refsiheimildir í málinu væri ófullnægjandi og sýknaði því ákærðu. Hæstiréttur féllst ekki á þau rök og taldi að lýsing á þeirri háttsemi, sem bönnuð væri með framangreindum ákvæðum útvarpslaga, og ætluð væri til verndar höfundarrétti, væri nægilega skýr þegar litið væri til a., h. og i. liða 1. gr. laganna.  Var refsing hvers ákærðu um sig ákveðin 500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs. Sjá hæstaréttardóm í máli 398/2007.

| Hegningarlagabrot | fjöldi | % |
|---|---|---|
| Brot gegn valdstjórninni | 8 | 6,8 |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 2 | 1,7 |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 0,9 |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 4 | 3,4 |
| Kynferðisbrot | 29 | 24,8 |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 23 | 19,7 |
| Auðgunarbrot | 17 | 14,5 |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 3 | 2,6 |

| Sérrefsilagabrot | fjöldi | % |
|---|---|---|
| Skattalög | 2 | 1,7 |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 5 | 4,3 |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 1 | 0,9 |
| Ölvunarakstur | 7 | 6,0 |
| Fíkniefnaakstur | 9 | 7,7 |
| Önnur sérrefsilög | 6 | 5,1 |
| **Samtals** | **117** | |

# 3. kafli

# Dómsmeðferð mála

## Dómsmeðferð mála

Fyrirferðarmesti þáttur starfseminnar hjá embætti ríkissaksóknara felst í málflutningi í héraði og fyrir Hæstarétti. Að venju voru sum mál meira áberandi en önnur hvað varðar alvarleika máls og umfjöllun fjölmiðla. Þá vöktu sum málanna athygli fyrir þær sakir að í þeim var með athyglisverðum hætti tekist á um sönnun og annan réttarfarslegan ágreining, lagatúlkun, refsimat og fleiri atriði sem upp geta komið við rekstur sakamáls. Hér að neðan gefur að líta yfirlit nokkurra mála sem ríkissaksóknari flutti fyrir dómi í héraði og fyrir Hæstarétti á árinu 2008.

### 3.1 Fíkniefnalagabrot

Ríkissaksóknari gaf út tíu ákærur á árinu fyrir stórfelld fíkniefnalagabrot. Nokkur mál stóðu upp úr í ljósi magns, tegundar efnis og þeirra aðferða sem beitt var við að flytja efnin til landsins.

Fyrst má nefna hið svokallaða Pólstjörnumál. Málið fékk mikla fjölmiðlaumfjöllun allt frá því að fíkniefni voru haldlögð við leit í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn þann 20. september 2007, þar til héraðsdómur féll þann 15. febrúar 2008 enda um að ræða mesta magn fíkniefna sem fundist hafði í einu máli. Formleg rannsókn málsins hófst í nóvember 2006 og var gífurlega umfangsmikil en hún teygði anga sína víða um Evrópu. Voru sex menn ákærðir hér á landi fyrir aðild sína að málinu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, nr. S-51/2008 voru mennirnir sakfelldir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi til Íslands á samtals um 23,6 kg af amfetamíni, 14 kg af MDMA dufti og 1.746 MDMA töflum, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Hlutur hvers um sig í brotinu var missmikill. Var E dæmdur í 9½ árs fangelsi, AÓ í 7 ára fangelsi, G í 7 ára og 5 mánaða fangelsi, M í 5½ árs fangelsi, B í 18 mánaða fangelsi og AG í 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Auk þess var einn Íslendingur sakfelldur í Færeyjum fyrir aðild að málinu.

Ákært var í tveimur málum sem tengdust innflutningi fíkniefna með hraðsendingarfyrirtækjum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 11. júní 2008, voru fjórir menn sakfelldir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, framið á árinu 2007, með því að hafa staðið saman að innflutningi á samtals 4.639,50 g af amfetamíni og 594,70 g af kókaíni frá Þýskalandi til Íslands, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, en fíkniefnin, sem voru flutt til landsins með hraðsendingafyrirtækinu UPS, fundust við leit tollgæslu og lögreglu í bifreið fyrirtækisins utan við húsnæði þess á Keflavíkurflugvelli. Var AK dæmdur í 4 ára fangelsi, T í 2 ½ árs fangelsi og J og AG í 1 ½ árs fangelsi. A og T áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með dómi, uppkveðnum 2. apríl 2009, í máli nr. 377/2008.

Annað hraðsendingarmál á árinu var dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn þann 27. mars 2009. Það sem gerði málið sérstakt var að umrædd fíkniefni, kókaín, voru í vökvaformi og er þetta í fyrsta sinn sem dæmt er fyrir innflutning á kókaíni í þessu formi. Voru B og E dæmdir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, framið á árinu 2007, með því að hafa staðið saman að innflutningi á 1.844 ml af kókaíni í vökvaformi frá Honduras til Íslands, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Sendi ónafngreindur maður fíkniefnin með hraðsendingafyrirtækinu FedEx til Íslands á heimilisfang ákærða E. Fíkniefnin fundust við leit lögreglunnar á Miami í Bandaríkjunum en voru send lögregluyfirvöldum á Íslandi þar sem þeim var skipt út fyrir gerviefni og afhent ákærða E undir eftirliti lögreglu. Hann afhenti meðákærða B efnin, sem hugðist afhenda þau til söludreifingar, en báðir ákærðu stóðu í þeirri trú að sendingin innihéldi fíkniefni. Var B dæmdur í 18 mánaða fangelsi en E í 12 mánaða fangelsi. Máli þessu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Í fimm málum, af þeim 10 sem ákært var í á árinu, voru ákærðu erlendir ríkisborgarar. Í fjórum þeirra voru ákærðu stöðvaðir við eftirlit tollvarða á Keflavíkurflugvelli en í einu þeirra var dæmt fyrir innflutning á fíkniefnum í bifreið með Norrænu.

### 3.2 Valdstjórnarbrot

Í 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga er lögð refsing við því að ráðast á opinberan starfsmann með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því. Einnig er lögð refsing við því á sama hátt að leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan. Með lögum nr. 25/2007, sem tóku gildi 16. mars 2007, var 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga breytt í því markmiði að auka refsivernd opinberra starfsmanna sem hafa heimild til líkamlegrar valdbeitingar lögum samkvæmt. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögunum segir: „*Er þá horft til þess að refsivernd sú sem opinberir starfsmenn njóta í störfum sínum verður að efni til að vera í réttu hlutfalli við þá hættu á líkams- eða heilsutjóni sem leiðir af eðli starfans*.“ Með lagabreytingunni var refsihámark ákvæðisins hækkað úr 6 árum í 8 ár þegar brot beinist að opinberum starfsmanni, sem að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar. Refsihámark vegna annarra opinberra starfsmanna var óbreytt, þ.e. 6 ára fangelsi. Ef skoðuð er dómaframkvæmd undanfarinna ára virðist sem lagabreyting þessi hafi haft þau áhrif að refsingar fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga hafa almennt verið þyngdar. Fyrir breytinguna voru refsingar fyrir brot gegn ákvæðinu almennt við lægri mörk refsirammans en hafa nú færst nokkuð ofar í rammanum og með nokkurri einföldun má segja að dæmd fangelsisrefsing nú sé almennt einum til tveimur mánuðum lengri en var fyrir lagabreytinguna.

Ríkissaksóknari gaf á árinu út 51 ákæru fyrir brot gegn valdstjórninni. Í langflestum málanna voru lögreglumenn þeir opinberu starfsmenn sem veist var að við skyldustörf, eða í alls 45 málum. Yfirleitt var ofbeldi sú verknaðaraðferð sem

ákært var fyrir en í nokkrum málum var ákært fyrir hótanir um ofbeldi. Í tveimur málum var ákært fyrir að leitast við að hindra lögreglumann í að gegna skyldustörfum sínum. Hér að neðan eru reifaðir nokkrir athyglisverðir dómar frá árinu.

Áhrif lagabreytingarinnar má sjá í dómi Hæstaréttar í máli þar sem systkini voru ákærð og sakfelld fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa í félagi ráðist á lögregluvarðstjóra í anddyri lögreglustöðvar. Pilturinn skallaði lögregluvarðstjórann tvisvar í andlitið en stúlkan klóraði hann í andlitið og beit hann í hægri upphandlegg, með þeim afleiðingum að lögregluvarðstjórinn hlaut hruflsár og þreyfieymsli í andlit og bitfar með mari á hægri upphandlegg. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 29. apríl 2008, voru systkinin dæmd í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára, en við ákvörðun refsingar var litið til þess til þyngingar að brotið unnu þau í sameiningu og það beindist gegn mikilvægum hagsmunum. Á hinn bóginn var litið til þess að systkinin voru bæði með hreinan sakaferil og að pilturinn var aðeins 17 ára þegar hann framdi brotið. Með dómi, uppkveðnum 22. janúar 2009 í máli nr. 354/2008, þyngdi Hæstiréttur refsingu systkinanna í fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið til tveggja ára.

Karlmaður, 26 ára að aldri, sló í tvígang til tveggja lögreglumanna með rörtöng og var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað þeim með þessum hætti. Var háttsemin til þess fallin að vekja með lögreglumönnunum ótta um líf sitt og heilbrigði. Við mat á refsingu leit Héraðsdómur Reykjavíkur, í dómi uppkveðnum 5. nóvember 2008, m.a. til þess að ákærði átti nokkurn sakaferil að baki, þar á meðal hafði hann áður hlotið dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga, og að framganga hans greint sinn var stórhættuleg. Var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára. Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms með dómi uppkveðnum 20. maí 2009 í máli nr. 1/2009.

Í máli þar sem karlmaður á 47. aldursári var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni var ítrekunarheimild 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga beitt. Maðurinn var ákærður fyrir að hafa rifið í hár lögreglukonu, stungið fingrum sínum upp í munn hennar, klórað hana í tannholdið og slegið hana með krepptum hnefa í kjálka, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut opið sár á vör og í munnhol, sem sauma þurfti, og eymsli í kjálka og kjálkalið. Ákærði hafði með háttsemi sinni rofið skilorð fjögurra mánaða langs dóms, einnig fyrir brot gegn valdstjórninni, og var refsing því ákveðin í einu lagi, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Við refsimat leit Héraðsdómur Reykjaness til alvarleika brotsins, afleiðinga árásarinnar og ítrekunarheimildar vegna hins fyrra brots gegn valdstjórninni og dæmdi ákærða þann 22. desember 2008 í fangelsi í 12 mánuði.

Árás erlendra karlmanna á lögreglumenn úr fíkniefnadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á Laugavegi í Reykjavík vakti nokkra athygli á árinu, en tveir hinna þriggja ákærðu voru sýknaðir og brot þess þriðja var ekki heimfært undir 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Í málinu var A gefið að sök að hafa slegið tvo lögreglumenn með krepptum hnefa, annars vegar í andlit og hins vegar í höfuð, og öllum ákærðu var gefið að sök að hafa í sameiningu ráðist að lögreglumanni, slegið hann ítrekað, meðal annars í höfuð, og einnig sparkað í höfuð hans. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi, í dómi uppkveðnum 12. mars 2008, sannað að A hafi slegið lögreglumennina en hins vegar þótti ekki sannað að honum hafi mátt vera ljóst að um lögreglumenn var að ræða, en þeir voru óeinkennisklæddir. Var brot A því ekki fært undir 1. mgr. 106. gr. heldur 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og refsing ákveðin fangelsi í 60 daga, skilorðsbundið til tveggja ára. Þá sýknaði dómurinn ákærðu af því að hafa í sameiningu ráðist að lögreglumanni, þar sem hvorki lögreglumennirnir né önnur vitni gátu ekki borið um hverjir höfðu veist að lögreglumanninum, auk þess sem fleiri voru á vettvangi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar varðandi tvo ákærðu, A og S, en því var ekki áfrýjað varðandi þriðja manninn. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 299/2008, uppkveðnum 18. desember 2008, staðfesti rétturinn sýknu S og sakfellingu og heimfærslu til refsiákvæðis varðandi A en þyngdi refsingu hans í fangelsi í þrjá mánuði.

Fimm ákærur voru á árinu gefnar út vegna brota gegn öðrum opinberum starfsmönnum en lögreglumönnum. Í tveimur málum var um að ræða ofbeldi gegn tollvörðum og í einu máli ofbeldi gegn tveimur starfsmönnum meðferðarheimilis. Kona, 29 ára að aldri, var ákærð fyrir fjögur brot gegn valdstjórninni, gagnvart starfsmönnum Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar, vegna starfa þeirra, sem og þjófnað. Veittist hún að B og sló hana hnefahögg vinstra megin í höfuðið með þeim afleiðingum að hún hlaut þar þreyfieymsli og kúlu. Einnig hótaði hún að smita C af HIV sjúkdómi. Þá veittist ákærða að A og sló hana í andlitið með blóðugu glerbroti og á kinn með flötum lófa, með þeim afleiðingum að A hlaut skurð fyrir neðan vinstra auga, rispu niður vinstri kinn, skurð við vinstra eyra og mar og bólgu yfir vinstra kinnbeini auk þess sem hætta skapaðist á því að ákærða hefði smitað hana af lifrarbólgu B og C. Var háttsemin gagnvart A einnig talin varða við 2. mgr. 218. gr. hegningarlaga. Að lokum hótaði ákærða A og B lífláti. Ákærða var einnig ákærð fyrir þjófnað. Héraðsdómur Norðurlands eystra sakfelldi ákærðu í samræmi við ákæru þann 21. janúar 2009. Þó var ekki talið sannað að glerbrotið sem ákærða beitti gegn A hafi verið blóðugt. Brot ákærðu gegn valdstjórninni voru hegningarauki við dóm frá 2007, en þjófnaðarbrotið skilorðsrof á þeim dómi. Við ákvörðun refsingar horfði m.a. til refsiþyngingar sá fjöldi afbrota sem ákærða var dæmd fyrir, að um tvö ofbeldisbrot var að ræða og að umræddir opinberir starfsmenn voru ekki í hópi þeirra sem hljóta þjálfun í að verjast árásum og eiga sér einskis ills von í starfi sínu. Á hinn bóginn leit dómurinn til erfiðra persónulegra aðstæðna ákærðu, einkum þess að hún hafði verið svipt forsjá tveggja ungra barna sinna. Dæmdi héraðsdómur ákærðu í 18 mánaða fangelsi en fullnustu 15 mánaða var frestað skilorðsbundið til þriggja ára. Hæstiréttur mildaði refsinguna í 15 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára, með dómi í máli nr. 154/2009, uppkveðnum 18. júní 2009.

Þá var 29 ára gamall refsifangi á Litla-Hrauni, sem hafði nokkurn sakaferil að baki, ákærður í 14 liðum fyrir hótanir og ofbeldi gagnvart starfsmönnum fangelsisins. Var hann sýknaður af fjórum ákæruliðum með dómi Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 8. desember 2008. Við ákvörðun refsingar leit dómurinn meðal annars til þess að ákærði hafði sætt

agaviðurlögum í fangelsinu vegna brota sinna og að hegðun hans hafði batnað undanfarið. Var honum ekki gerð sérstök refsing.

## 3.3 Brot í opinberu starfi

Ríkissaksóknari gaf út sex ákærur á árinu vegna brota í opinberu starfi. Um var að ræða lögreglumann, tollverði, bréfbera, póstafgreiðslumenn, starfsmann rafmagnsveitu og forstöðumann áfangaheimilis. Neðangreind mál vöktu þó nokkra athygli:

Lögreglumaður var ákærður fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás með því að hafa gerst offari við framkvæmd löggreglustarfa og eigi gætt lögmætra aðferða við handtöku og leit, er hann hafði ásamt öðrum lögreglumanni afskipti af pilti vegna gruns um þjófnað úr verslun. Eftir að pilturinn hafði synjað um heimild til leitar og framvísun meints stolins munar reif ákærði í föt hans, háls og kverkar, svo átök urðu milli þeirra, og snéri piltinn niður á gólfið og handjárnaði. Pilturinn hlaut mar við mjöðm, húðrispur og mar efst á upphandleggi, eymsli í hálsi og mar á enni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 5. desember 2008, var ákærði sýknaður af því að hafa eigi gætt lögmætra aðferða við handtöku og leit, sbr. 132. gr. almennra hegningarlaga, en sakfelldur fyrir líkamsárás, sbr. 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. laganna, með þeim rökum að atlaga hans að piltinum hafi ekki verið tengd leitinni og ekki hafi verið sýnt fram á að ákærði hafi ætlað að handtaka piltinn. Var ákærði dæmdur til greiðslu 120.000 króna sektar.

Þá var A póstburðarmaður hjá Íslandspósti hf. ákærður fyrir brot í opinberu starfi með því að hafa skotið undan bréfum og sendingum, sem voru afhent honum til útburðar, en ákærði geymdi póstinn í bifreið póstburðarmannsins B í stað þess að bera hann út eða skila til fyrirtækisins. B var ákærður fyrir hlutdeild í broti A með því að hafa haldið við hinu ólögmæta ástandi, en hann lét það átölulaust um nokkurt skeið að A lét póst hlaðast upp í bifreiðinni, en setti síðan póstinn í ruslapoka og henti honum í ruslagám. Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi ákærðu þann 22. september 2008 og var ákvörðun refsingar beggja frestað skilorðsbundið í tvö ár.

## 3.4 Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. hgl.

Í flestum þessara mála var ákært fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás vegna þeirrar aðferðar, þ.á m. tækja sem notuð voru við árásina, þó að afleiðingar árásarinnar hafi ekki endilega verið miklar. Algengust eru þau mál þar sem glerglasi eða flösku er beitt sem vopni en ríkissaksóknari höfðaði 29 slík mál á árinu 2008. Refsing í slíkum málum er að jafnaði 6 mánaða fangelsisrefsing, oftast skilorðsbundin að öllu leyti eða að hluta. Það sem einkenndi árið 2008 í þessum tiltekna brotaflokki voru hin fjölskrúðugu tæki sem notuð voru við árásirnar en auk þeirra sem að framan er getið var m.a. notast við járnstöng, járnrör, hamar, sleggju, gaddakylfu, golfkylfu, hafnaboltakylfu, hníf, öxi, kertastjaka, eldfæri, skrautbyssu, stein, skrúfjárn og kaffikrús.

Það líkamsárásarmál sem helst vakti athygli á árinu var hið svokallaða Keilufellsmál. Í því máli voru fjórir pólskir karlmenn ákærðir fyrir húsbrot og sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa, í félagi við óþekkta karlmenn, ruðst í heimildarleysi inn í íbúðarhús við Keilufell og veist þar að sjö samlöndum sínum, sem þar voru í stofu og slegið þá ítrekað í höfuð og víðs vegar um líkama með hættulegum vopnum og bareflum, þ. á m. járnstöng, járnröri, hamri, sleggju, gaddakylfu, golfkylfu, hafnaboltakylfu, hnífi og öxi. Afleiðingar af árásinni urðu þær að einn brotaþola hlaut skurð á hnakka og mar yfir mjaðmakamb. Annar hlaut beinbrot á báðum höndum og útbreidda mjúkvefjaáverka. Þriðji hlaut skurð á höfði, opið sár á framhandlegg og yfirborðsáverka víðs vegar um líkamann. Fjórði brotaþolinn hlaut tvo skurði aftan á hnakka og mar á handlegg. Fimmti hlaut yfirborðsáverka víða um líkamann, mar á brjóstkassa og svöðusár á vinstra herðablaði. Sjötti brotaþolinn hlaut skurð, kúlu og yfirborðsáverka á höfði, brot á miðhandarbeini hægri handar og bólgur og mar á olnboga og hægri handlegg og sá sjöundi hlaut nokkra skurði á höfði, þ. á m. 7 cm langan og djúpan skurð aftan á hnakka vinstra megin og annan 8 cm langan skurð í framhaldi af honum aftur fyrir á hnakka, bólgur í andlit, glóðaraugu, brotinn augnbotn og brotin andlitsbein, brot á vinstri handlegg, rifbrot og loftbrjóst. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. desember 2008 var þremur ákærðu gert að sæta fangelsi í 2 ½ ár og einum í 3 ½ ár. Þrír ákærðu áfrýjuðu dómi héraðsdóms til Hæstaréttar, sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms, sbr. hæstaréttardóm í máli nr. 49/2009.

Í einu máli var 25 ára maður ákærður fyrir tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar, en til vara hættubrot, með því að hafa kveikt í jakka annars manns. Hann varð hins vegar eldsins fljótt var og náði að afklæðast jakkanum, slökkva eldinn og koma þannig í veg fyrir að líkamstjón hlytist af. Héraðsdómur Reykjavíkur heimfærði verknaðinn sem tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar og dæmdi manninn þann 31. október 2008 í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Karlmaður, 21 árs, var ákærður fyrir sérstaklega hættulegar líkamsárásir að morgni laugardagsins 27. október 2007, með því að hafa veist að þremur öðrum karlmönnum utandyra með hnífi. Afleiðingar árásanna voru þær að einn brotaþoli hlaut 10 til 12 cm langan skurð undir rifboga hægra megin, stungusár á háls vinstra megin og á vinstri öxl, og 3 til 4 cm skurð á hægri olnbogabót. Annar brotaþoli hlaut stungusár á öxlina og sá þriðji varð fyrir því að axlarvöðvi skarst í sundur á stóru svæði og áverkar urðu á axlarbeini. Mál þetta var sameinað öðrum málum við Héraðsdóm Norðurlands eystra og refsing ákveðin í einu lagi með dómi frá 2. júní 2008. Við ákvörðun refsingar var horft til þess að einn brotaþoli

hlaut alvarlega áverka þrátt fyrir að hafa ekki verið lífshættulegir. Þá var horft til þess að ákærði hafði orðið fyrir áreiti og ertingum af hálfu eins brotaþola og refsing hans ákveðin 20 mánaða fangelsi.

Þá var 18 ára gamall karlmaður ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa slegið annan mann í höfuðið með kertastjaka með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á höfði. Í dómi Héraðsdóms Vestfjarða var horft til þess við ákvörðun refsingar að ákærði sló brotaþola í höfuðið með 49 cm löngum kertastjaka, með hvössum brúnum, og mesta mildi að ekki hlutust af alvarlegri áverkar. Þá var litið til þess að hann játaði brotið og samþykkti að greiða skaðabætur. Loks var litið til aldurs ákærða en hann var einungis 18 ára þegar brotið var framið. Var refsing hans ákveðin fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Í einu máli var ákært fyrir stórfellda líkamsárás en þar var sérstaklega horft til mikilla afleiðinga sem hlutust af árásinni. Karlmaður, 22 ára, var ákærður fyrir tvær líkamsárásir framdar á sama stað á sama tíma. Annars vegar stórfellda líkamsárás með því að hafa hrint öðrum manni og slegið hann í höfuðið svo að hann féll í götuna, sparkað tvisvar eða þrisvar í síðu hans og stappað á höfði hans þar sem hann lá, með þeim afleiðingum að hann fékk lífshættulega blæðingu frá heilahimnu innan höfuðkúpu hægra megin. Þá var hann einnig ákærður fyrir minniháttar líkamsárás. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. apríl 2008 var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi en frestað var fullnustu 9 mánaða af refsivistinni skilorðsbundið. Við ákvörðun refsingar var horft til þess að atlaga ákærða var bæði tilefnislaus og lífshættuleg.

## 3.5 Kynferðisbrot

Kynferðisbrot eru að jafnaði um 40 – 50% þeirra mála sem berast embætti ríkissaksóknara á ári hverju. Ýmislegt gerðist á árinu í brotaflokknum sem rétt er að vekja athygli á. Þannig er áberandi að refsingar hafa þyngst en einnig voru sum mál merkileg fyrir þær sakir að í þeim reyndi á sönnun með athyglisverðum hætti. Þá reyndi á heimfærslu verknaðar til refsiákvæða sem sýnir að þrátt fyrir að löggjöfin í málaflokknum sé að mörgu leyti efnislega óbreytt að stofni til þá er framkvæmdin enn að mótast í málaflokknum.

### Refsing

Árið 2008 markar viss þáttaskil hvað varðar ákvörðun refsingar í kynferðisbrotum. Þannig má ráða af þeim dómum sem féllu á árinu að refsingar í málaflokknum eru að þyngjast. Að mati ríkissaksóknara skýrist það m.a. af þeim breytingum sem urðu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga með lögum nr. 61/2007 en einnig vegna þess að dómstólar voru þegar farnir að þyngja refsingar áður en breytingalögin tóku gildi í apríl 2007. Ragnheiður Bragadóttir prófessor hefur nýlega birt rannsókn sína um þróun refsinga fyrir kynferðisbrot á tímabilinu 1992-2008 en rannsóknin einskorðast við dóma Hæstaréttar. Niðurstaðan er sú að dæmdar refsingar hafi þyngst, bæði fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn börnum yngri en 15 ára, og að sú þróun hafi hafist áður en lög nr. 61/2007 tóku gildi. Ragnheiður bendir jafnframt á að þyngstu dómarnir fyrir nauðgun hafi fallið á árunum 2007-2008. Ríkissaksóknari telur að dómur Héraðsdóms Suðurlands sem féll þann 7. mars 2008, og var staðfestur í Hæstarétti um ákvörðun refsingar með dómi uppkveðnum þann 29. maí s.á., sbr. mál nr. 185/2008, sé stefnumarkandi að þessu leyti. Í því máli var erlendur maður dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir nauðgun með því að hafa á víðavangi með ofbeldi haft samræði og endaþarmsmök við X og sumpart notfært sér að hún gat ekki spornað við háttseminni sökum ölvunar en við þetta hlaut X sár í endaþarmi, marbletti á útlimum, húðrispur á upphandlegg og tognun í litlafingri. Atvikalýsing þessa máls er í raun ekki frábrugðin mörgum eldri málum en meðalrefsing fyrir nauðgunarbrot fyrir þetta tiltekna mál var í kring um þrjú ár sbr. niðurstöðu rannsóknar Ragnheiðar Bragadóttur.

Refsingar hafa ekki einungis þyngst þegar um nauðgun er að ræða. Mál sem ákært var í á árinu 2008 og dómar í þeim málum benda eindregið til að hið sama sé uppi á teningnum þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum yngri en 15 ára. Eru hér helst nefndir til sögunnar tveir dómar Hæstaréttar í málum nr. 527/2008 og nr. 58/2009. Í fyrri dómnum var F dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni sem var 11-12 ára þegar brotin voru framin. Brotin voru framin á 4-5 mánaða tímabili og fólust í ítrekuðu samræði og öðrum kynferðismökum auk kynferðislegrar áreitni. Í síðara málinu var M dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni þegar hún var 11-14 ára en ákærði var fundinn sekur um að hafa reglulega haft samræði við stúlkuna um þriggja ára skeið. Í fyrra málinu áttu öll brotin sér stað eftir gildistöku laga nr. 61/2007 en í hinu voru einungis hluti brotanna framin eftir gildistöku breytingalaganna.

### Sönnun

Ríkissaksóknari hefur sjaldan ákært í málum þegar um er að ræða smábörn sem brotaþola. Í langflestum tilvikum sem það hefur gerst er það vegna þess að játning brotamanns hefur legið fyrir. Ástæðan fyrir þessu er sú að örðugt hefur reynst að upplýsa og sanna hver hafi verið að verki eða hvað hafi átt sér stað þar sem börnin litlu geta einungis á takmarkaðan hátt tjáð sig um brotin vegna ungs aldurs. Á árinu 2008 bar hins vegar svo við að faðir kornungrar telpu var ákærður fyrir að hafa brotið ítrekað gegn henni frá því að hún var rúmlega eins árs til þriggja og hálfs árs. Ákærði neitaði sök frá upphafi. Framburður telpunnar var fremur takmarkaður enda telpan einungis rétt þriggja og hálfs þegar skýrslutaka fyrir dómi fór fram. Hins vegar var tjáning hennar um brotin einkar lýsandi en hún sýndi með látbragði hvað hafði átt sér stað. Forstöðumaður Barnahúss lýsti því fyrir dómi að hún hafi aldrei áður séð svo sterka kynferðislega hegðun hjá svo ungu barni. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum þann 9. febrúar 2009, var ákærði sakfelldur fyrir að hafa á rúmlega eins árs tímabili haft í mörg skipti önnur kynferðismök við telpuna en samræði og dæmdur í tveggja ára fangelsi. Í forsendum dómsins kom fram að dómurinn teldi það útilokað að telpan hafi tileinkað sér þessa hegðun af því einu að hafa orðið vitni að kynlífsathöfnum fullorðins fólks eins og ákærði hafði haldið fram. Hegðun hennar benti

til margendurtekinnar upplifunar og virkaði bæði sterk og sönn. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 22. október 2009 í máli nr. 259/2009 var sakfelling ákærða staðfest en refsing þyngd í 5 ára fangelsi. Brotin voru öll framin eftir gildistöku laga nr. 61/2007.

Í öðru máli reyndi einnig með athyglisverðum hætti á mat á sönnunargögnum en þar var J ákærður fyrir að hafa ruðst í heimildarleysi inn í hús í Reykjavík með því að fara inn um glugga á efri hæð hússins, og því næst farið inn í svefnherbergi á neðri hæðinni þar sem fimm ára telpa svaf við hlið ömmu sinnar og fært telpuna úr náttbuxum og nærbuxum og sleikt kynfæri hennar. Við rannsókn á vettvangi fannst fingrafar innan á rúðu hússins og hráki á tröppum þess utandyra sem við DNA-rannsókn reyndist vera úr J. Var litið til þessa við sönnunarmatið í forsendum dóms Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. desember 2008, en einnig til þess að lýsing ömmunnar á geranda kom heim og saman við J. Ennfremur að þegar framburður ömmunnar og telpunnar voru vegnir saman og í því sambandi haft í huga að J kvaðst ekkert muna um atburði næturinnar var það niðurstaða dómsins að hafið væri yfir skynsamlegan vafa að J væri sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök. Var ákærði dæmdur í fjögurra ára fangelsi en hann hafði talsverðan sakaferil og hafði áður hlotið dóma fyrir kynferðisbrot og húsbrot. Með dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann 4. júní 2009 í máli nr. 694/2008 var dómurinn staðfestur.

### Heimfærsla

Í lok janúar 2008, í svokölluðu Byrgismáli, var forstöðumaður, meðferðarráðgjafi og stjórnandi kristilegra samkoma á vímuefnameðferðar- og endurhæfingarheimili ákærður fyrir að hafa haft samræði og önnur kynferðismök við fjórar konur sem voru vistmenn á heimilinu og höfðu sótt meðferðarviðtöl hjá ákærða, og með því að hafa misnotað freklega þá aðstöðu sína að konurnar voru honum háðar sem skjólstæðingar hans í trúnaðarsambandi. Var háttsemi ákærða talin í ákæru varða við 197. og 1. mgr. 198. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands 9. maí 2008 var ákærði sakfelldur að mestu leyti og dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar. Voru brot ákærða talin rétt heimfærð til refsiákvæða. Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu, sbr. mál nr. 334/2008, en dómur var kveðinn upp þann 4. desember 2008. Var ákærði sýknaður alfarið af meintu broti gegn einni konunni. Þá var talið að ákvæði þágildandi 197. gr. hegningarlaga tæmdi sök gagnvart 1. mgr. 198. gr. sem gæti því einungis tekið til þeirra brota sem framin hefðu verið utan þess tíma sem konurnar töldust vistmenn á heimilinu. Var ákærði sakfelldur fyrir hluta þeirrar háttsemi sem honum var gefið að sök og framin voru meðan konurnar voru vistmenn á heimilinu sbr. 197. gr. hegningarlaga. Hins vegar var hann sýknaður af ákæru vegna brota eftir að konurnar töldust ekki lengur vistmenn þar sem ekki þótti sýnt fram á hvernig þær hefðu verið skjólstæðingar ákærða í trúnaðarsambandi í skilningi 1. mgr. 198. gr. hegningarlaga. Við mat á því hvort háttsemi ákærða félli undir 197. gr. hegningarlaga var m.a. litið til þess að ákvæðið gæti eftir orðanna hljóðan tekið til háttsemi gagnvart manni sem sviptur er frelsi til vistar í fangelsi eða annarri stofnun. Hæstiréttur taldi þó ljóst að ákvæðið væri ekki bundið við þau tilvik ein þar sem maður sætir frelsisskerðingu, enda hvorki tekið fram í ákvæðinu sjálfu né ályktað af þeirri upptalningu á stofnunum sem þar eru. Á heimilinu hafi menn virst geta ákveðið sjálfir hvort þeir héldu þar kyrru fyrir. Taldi Hæstiréttur að leggja yrði hins vegar til grundvallar að vistmenn hafi að öðru jöfnu ekki átt í önnur hús að venda meðan á vímuefnameðferð þeirra á heimilinu stóð. Var heimilið því talið vera meðal stofnana sem lagðar verða að jöfnu við fangelsi, geðsjúkrahús, vistheimili og uppeldisstofnanir í þágildandi ákvæði 197. gr. almennra hegningarlaga.

Þá reyndi á ákvæði 201. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. hvort háttsemi félli undir það að vera trúnaðarbrot, en í ákvæðinu er lýst m.a. banni við kynferðismökum við barn yngra en 18 ára sem viðkomandi hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Sumarið 2008 var H m.a. ákærður fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn tveimur piltum sem hann kenndi á skellinöðru og bifreið, þ.e. hann var ökukennari þeirra. Var ákærði sakfelldur að hluta með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 11. desember 2008 og dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar. Hæstiréttur mildaði dóminn með dómi sínum uppkveðnum þann 17. september 2009 í máli nr. 19/2009 og var refsing ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Hæstiréttur féllst á að ákvæði 201. gr. hegningarlaga tæki til háttsemi ákærða en vísað var til þess að piltarnir, sem voru innan 18 ára aldurs, hefðu án milligöngu forráðamanna sinna en með þeirra samþykki leitað eftir námi hjá ákærða sem ökukennara. Með þessu hafi ákærði komist í þá aðstöðu gagnvart piltunum sem um ræðir í 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga.

### Kynferðisbrot gegn börnum: sifjaspell og trúnaðarbrot

Ríkissaksóknari ákærði á árinu í 32 málum um kynferðisbrot gegn börnum. Í flestum málanna var ákært fyrir samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni við barn yngra en 15 ára, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 202. gr. hegningarlaga. Í 6 málum af hinum 32 var um að ræða sifjaspell, þ.e. brot gegn 200. gr. almennra hegningarlaga. Í fjórum þeirra braut faðir gegn barni eða börnum sínum en í tveimur var um að ræða afa. Einnig var ákært í 6 málum fyrir brot gegn 201. gr. laganna, þ.e. trúnaðarbrot. Þeir sem ákærðir voru í þessum málum fyrir að brjóta gegn börnum voru stjúpfeður, ökukennari og tónlistarkennari.

Í einu málanna var ákært fyrir hvort tveggja brot gegn 200. gr. og 201. gr., og að auki fyrir brot gegn 202. gr., 209. gr. og 4. mgr. 210. gr., en í því máli braut ákærði gegn stjúpdóttur sinni, tveimur dætrum og fjórum vinkonum þeirra, og hafði í vörslum sínum barnaklám. Var hann sakfelldur fyrir að hafa þrisvar sinnum haft önnur kynferðismök en samræði við stjúpdóttur sína, kynferðislega áreitni gagnvart vinkonu dætra hans, fyrir fjölda blygðunarsemisbrota gagnvart stúlkunum öllum og vörslur um það bil 50 ljósmynda og þriggja hreyfimynda sem sýndu dætur hans og stjúpdóttur á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til breytinga sem gerðar voru á 201. gr. og 202. gr. með lögum nr. 61/2007 til þyngingar, varðandi brot hans framin eftir gildistöku laganna. Leit dómurinn til þess að ákærði braut margoft kynferðislega gegn barnungum stúlkum, nýtti sér sakleysi þeirra og trúnað og traust dætra sinna og stjúpdóttur. Einnig leit dómurinn til þess að ákærði vildi í framburði sínum varpa ábyrgð sinni yfir á þolendur brota hans.

Hins vegar að hann hafði ekki áður sætt refsingu. Þann 31. júlí 2008 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness ákærða í fjögurra ára fangelsi. Dóminum var ekki áfrýjað.

Tæplega níræður karlmaður var ákærður fyrir að hafa brotið gegn dótturdóttur sinni frá því að hún var fjögurra ára þar til hún var fimmtán ára, með því að hafa í fjölmörg skipti snert á henni kynfærin, farið með fingur upp í leggöng hennar, látið hana fróa sér og í nokkur skipti látið hana hafa við sig munnmök. Snerti hann kynfæri stúlkunnar frá því að hún var fjögurra ára en önnur brot framdi hann eftir að hún var að minnsta kosti tíu ára. Þann 12. september 2008 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness ákærða í fjögurra ára fangelsi. Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til þess að brot ákærða voru alvarleg, beindust gegn barnabarni hans nánast alla hennar æsku og að með þeim brást hann trúnaðarskyldum sínum gagnvart henni og rauf fjölskyldutengsl. Á hinn bóginn var litið til aldurs ákærða. Brotin voru framin fyrir gildistöku laga nr. 67/2007 og höfðu þau því ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og með dómi réttarins í máli nr. 567/2008 frá 19. febrúar 2009 var refsing ákærða milduð í fangelsi í tvö ár. Hæstarétti þótti ákærði ekki eiga sér neinar málsbætur en leit til þess að ákærði var kominn á tíræðisaldur, bjó við nokkra skerðingu á vitrænni getu og var haldinn líkamlegum sjúkdómum.

## Barnaklám

Ríkissaksóknari gaf út 7 ákærur á árinu fyrir brot gegn 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga um barnaklám. Í þremur þessara mála var einnig ákært fyrir kynferðisbrot gegn börnum, og hefur eitt þessara mála verið rakið hér að framan.

Í tveimur málum var ákært fyrir hvort tveggja öflun og vörslur barnakláms. Karlmaður, 44 ára, var ákærður fyrir að hafa aflað sér tveggja hreyfimynda, sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, af vefsíðu og látið senda sér á tölvupóstfang sitt. Þá hafði hann í vörslum sínum í tæpa 5 mánuði, á tölvu og geisladiski, 24 hreyfimyndir með barnaklámi, sem hann hafði aflað af netinu. Við ákvörðun refsingar leit Héraðsdómur Vestfjarða til þess að sumt af myndefninu var mjög gróft en hins vegar til þess að ákærði hafði hreinan sakaferil og játaði brot sitt. Með dómi þann 17. júlí 2008 var ákærði dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára og til að sæta upptöku á hörðum diski og geisladiski.

Í hinu málinu var um að ræða 32 ára gamlan karlmann sem var ákærður fyrir að hafa á fjögurra daga tímabili aflað sér 7 hreyfimynda með barnaklámi í gegnum skráaskiptiforrit á netinu og fyrir að hafa haft í vörslum á tölvu sinni 6 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi ákærða þann 12. febrúar 2009. Tekið var fram að myndskeiðin hafi verið nokkurra mínútna löng og efnið á þeim tiltölulega gróft. Þótti brot ákærða ekki stórfellt og var hann dæmdur til greiðslu sektar að upphæð 200.000 kr. Tölva og myndefni var gert upptækt.

# 4. kafli

# Erlent samstarf

## 4.1 Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlanda var haldinn í Stokkhólmi í ágúst. Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari og Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari sátu fundinn. Fjallað var um refsiframkvæmd og nýmæli í refsiréttar- og réttarfarslöggjöf, auk þess sem farið var yfir mál sem varða framkvæmd ákæruvalds á Norðurlöndum.

Ákærendur á Norðurlöndum hafa fundað reglulega um efni sem varða gæði saksóknar sem og samstarf ákærenda á Norðurlöndunum. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari sótti fundi í Osló og Kaupmannahöfn um samstarf ákærenda. Daði Kristjánsson, settur saksóknari og Ragna Bjarnadóttir, fulltrúi ríkissaksóknara fund um gæði saksóknar í Kaupmannahöfn.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sótti í september fund í Stokkhólmi, sem sænski ríkissaksóknarinn bauð til, þar sem fjallað var um rannsókn stórra og flókinna sakamála („*Effektivare hantering av stora och komplicerade brottmå*“”)

## 4.2 Evrópusamstarf ríkissaksóknara

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið komið á fót ráðgefandi nefnd um málefni ákæruvaldsins (Consultative Council of European Prosecutors – CCPE). Eitt meginmarkmið nefndarinnar er að framfylgja tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins frá október 2000 um hlutverk ákæruvaldsins í réttarvörslukerfinu (Rec (2000)19). Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari á sæti í nefndinni (Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari til september 2008). Árlegur fundur nefndarinnar var í Strassborg í október.

Árleg ráðstefna ríkissaksóknara í Evrópu, Eurojustice, var haldin í Edinborg í Skotlandi í september. Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari sótti ráðstefnuna. Meginumfjöllunarefni var hlutverk ákærenda í því að tryggja traust almennings til refsivörslukerfisins og um samskipti ákæranda við fjölmiða o.fl. (*The Prosecutor's Role in Securing Public Confidence in the Criminal Justice System og The Development of Information Communications Technology (ICT) by Prosecutors and Lessons Learned from Experience).*

## 4.3 Evrópska réttaraðstoðin

Hinn 2. desember 2005 undirritaði dómsmálaráðherra fyrir Íslands hönd samstarfssamning við Evrópsku réttaraðstoðina, Eurojust, sem hefur aðsetur í Haag. Eurojust er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða ákærenda og lögregluyfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Ríkissaksóknari annast samskipti við Eurojust af Íslands hálfu. Starfsemi Eurojust er stjórnað af stjórnarnefnd (college) sem er skipuð fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Nefndarmenn eru ákærendur og er þeim ætlað að auðvelda samráð og upplýsingaskipti milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir rannsókn og saksókn mála. Gert er ráð fyrir því að íslenskur saksóknari vinni með stjórnarnefndinni að málum sem kunna að koma upp og varða Ísland. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari var tilnefnd sem tengiliður ríkissaksóknara við Eurojust en Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari tók við hlutverki hennar í september 2008.

## 4.4 European Judicial Network

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulega eru haldnir fundir tengiliða. Hólmsteinn Gauti Sigurðsson lögfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sótti fund í Slóveníu.

## 4.5 Alþjóðasamtök saksóknara

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákæruvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum. Árleg ráðstefna var haldin í Singapore og var yfirskrift hennar: *New Technologies in Crime and Prosecution: Challenges and Opportunities*. Ráðstefna fyrir ákærendur í Evrópu var haldin í Haag í mars og sótti hana Egill Stephensen saksóknari. Umfjöllunarefnið var *Hate Crimes*.

## 4.6 Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um saksókn í öðru ríki Norðurlanda en því, sem brot hefur verið framið í hefur gilt frá árinu 1972. Í samningnum felst að saksókn vegna brots sem framið hefur verið í einu ríki þeirra getur farið fram í öðru ríki, ef hinn grunaði er búsettur eða dvelst í því ríki. Þrjú mál bárust ríkissaksóknara og voru afgreidd á grundvelli samningsins árið 2008.

## 4.7. Fundur með ríkissaksóknara Kína

Hinn 22. ágúst 2008 var haldinn hér á landi fundur ríkissaksóknara með ríkissaksóknara Kína. Kínverski ríkissaksóknarinn og fylgdarlið hans kynnti sér starfsemi ríkissaksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Þá heimsótti hann Hæstarétt Íslands.

## 4.8 Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Samkvæmt lögum um framsal og réttaraðstoð nr. 13/1984 skal ríkissaksóknari hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari fram vegna framkominnar framsalsbeiðni og sendir að því loknu dómsmálaráðuneytinu álitsgerð um hvort fullnægt þyki lagaskilyrðum til framsals. Dómsmálaráðuneyti tekur síðan ákvörðun um hvort framsal skuli heimilað. Varnaraðili getur lagt ákvörðun ráðuneytisins fyrir dóm og krafist úrskurðar um hvort skilyrðum framsals sé fullnægt. Ríkissaksóknari sækir þá málið fyrir dómi fyrir hönd íslenska ríkisins.

Beiðnum um framsal sakamanna fjölgaði mjög á milli ára en alls bárust embættinu tólf slíkar beiðnir á árinu 2008, samanborið við fjórar beiðnir árið áður. Allar voru beiðnirnar frá Póllandi, utan ein, sem barst frá Frakklandi. Framsals var í flestum tilvikanna óskað til fullnustu refsidóma í heimalandi viðkomandi manna en þó var í þremur tilvikum um að ræða grun um refsiverða háttsemi.

Níu framsalsmálanna af hinum tólf, sem komu inn á borð embættisins á árinu, lauk með því að orðið var við beiðni um framsal og viðkomandi menn framseldir, ýmist á árinu 2008 eða 2009. Einu máli lauk með því pólskur maður, sem beiðst var framsals yfir, var farinn af landi brott er kynna átti honum framkomna beiðni og öðru með því að pólsk yfirvöld afturkölluðu framsalsbeiðni til fullnustu dóms fyrir þjófnað, þar sem viðkomandi hafði gefið sig fram við yfirvöld þar í landi og hafði þegar hafið afplánun refsingar. Í máli þessu hafði ríkissaksóknari þá þegar gefið dómsmálaráðuneytinu álit sitt og taldi skilyrðum framsals ekki fullnægt þar sem verðmæti þjófnaðarandlagsins sem um var að ræða myndi teljast smáræði samkvæmt almennum hegningarlögum, svo að heimilt væri að færa refsingu niður í sektir eða jafnvel láta hana niður falla. Þriðja málið er enn til meðferðar fyrir íslenskum stjórnvöldum.

Brot mannanna, sem óskað var eftir að framseldir yrðu til fullnustu refsingar, voru af ýmsum toga. Oft var um að ræða auðgunarbrot, til dæmis rán, fjársvik, þjófnað og hylmingu. Þá voru fíkniefnabrot af ýmsu tagi nokkuð algeng, en auk þess má nefna sem dæmi líkamsárásir, hótanir og eignaspjöll. Margir þeirra manna, sem óskað var eftir að yrðu framseldir til fullnustu refsidóma, höfðu hlotið fleiri en einn dóm í heimalandi sínu. Dómsmálayfirvöld í Póllandi óskuðu til að mynda eftir framsali þarlends ríkisborgara til fullnustu þriggja refsidóma. Í fyrsta lagi hafði maðurinn verið dæmdur í fangelsi í tvö ár, skilorðsbundið til fimm ára, fyrir að líkamsárás og rán, í öðru lagi í eins árs fangelsi fyrir að hafa ítrekuð fjársvik með notkun debetkorts og ávísanaheftis og í þriðja lagi í fangelsi í eitt ár fyrir fjárkúgun og rán. Að fengnu áliti ríkissaksóknara ákvað dómsmálaráðuneytið að verða við beiðni um framsal mannsins. Krafðist hann úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfesti ákvörðun ráðuneytisins. Úrskurðurinn var ekki kærður til Hæstaréttar og var maðurinn framseldur til Póllands undir árslok.

Eins og áður segir var í þremur tilvikum óskað eftir framsali vegna gruns um refsiverða háttsemi. Pólskur maður var grunaður um fíkniefnabrot í heimalandi sínu og franskur maður lá undir grun um fjárdrátt. Þá óskuðu pólsk yfirvöld eftir framsali þarlends manns sem grunaður var um þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi sem hafði það að markmiði að fremja refsiverða verknaði, s.s. ólöglega dreifingu vímuefna, líkamsárásir, manndráp o.fl. Maðurinn var einnig grunaður um frelsissviptingu og og manndráp í skipulagðri brotastarfsemi. Í álitsgerð sinni til dómsmálaráðuneytisins tók ríkissaksóknari fram að þátttaka í skipulagðri brotastarfsemi teldist ekki sjálfstætt brot samkvæmt almennum hegningarlögum, en fyrir Alþingi lægi frumvarp um að slík háttsemi yrði gerð refsiverð. Hins vegar gætu frelsissvipting og manndráp samkvæmt almennum hegningarlögum varðað fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Ráðuneytið varð við beiðni pólskra yfirvalda um framsal. Maður bar ákvörðun ráðuneytisins undir dómstóla og með dómi Hæstaréttar í máli nr. 270/2008, var ákvörðun ráðuneytisins um framsal staðfest.

Í júlí barst ríkissaksóknara framsalsbeiðni pólskra yfirvalda vegna manns sem sakfelldur hafði verið fyrir eignaspjöll og dæmdur í eins árs fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára. Ákvörðun dómstóls í Póllandi um að maðurinn skyldi taka út fangelsisrefsingu sína fylgdi gögnum málsins, en þar kom fram að hann hafði rofið skilorð dómsins. Maðurinn kærði ákvörðun ráðuneytisins, um að heimila framsal hans, til Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfesti ákvörðunina. Hæstiréttur felldi ákvörðunina úr gildi með dómi í máli nr. 607/2008 frá 13. nóvember 2008, þar sem hann taldi nauðsynlegt að afrit af dóminum, þar sem maðurinn var dæmdur fyrir skilorðsrof með samkynja broti, lægi fyrir svo að íslensk stjórnvöld og dómstólar gætu gætt skyldu sinnar samkvæmt lögum við könnun á skilyrðum framsals. Í kjölfar dóms Hæstaréttar óskaði dómsmálaráðuneytið eftir enduriti umrædds dóms, en með honum hafði maðurinn verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi, skilorðsbundið til fjögurra ára, fyrir hylmingu. Tók ráðuneytið að nýju ákvörðun um að verða við framsali í desember 2008 og var sú ákvörðun staðfest

af bæði Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti, sbr. dóm í máli nr. 28/2009 frá 23. janúar 2009, þar sem skilyrðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1984 þótti fullnægt. Var maðurinn framseldur í febrúar 2009.

Á árinu 2008 bárust ríkissaksóknara allmargar beiðnir um réttaraðstoð erlendis frá. Í mörgum þeirra var óskað eftir skýrslutökum af vitnum eða grunuðum einstaklingum, búsettum hér á landi. Þá vörðuðu beiðnirnar gagnaöflun hér á landi auk þess sem meðal annars var óskað eftir atbeina við birtingu fyrirkalla eða annarra dómsskjala, upplýsinga úr sakaskrá og yfirtöku saksóknar.

Á árinu sendi ríkissaksóknari einnig réttarbeiðnir til erlendra yfirvalda vegna reksturs sakamála hér á landi. Beiðni var send til Bretlands þar sem óskað var eftir upplýsingum um dvalarstað manns sem grunaður var um refsivert brot hér á landi. Þá hafði ríkissaksóknari milligöngu um að senda dómsmálaráðuneytinu réttarbeiðni lögreglustjóra til pólskra yfirvalda vegna rannsóknar á líkamsárásarmáli hér á landi. Óskað var eftir að DNA-sýni yrðu tekin úr þremur brotaþolum líkamsárásarinnar og send til kennslagreiningar, en mennirnir höfðu yfirgefið landið og haldið til Póllands.

# 5. kafli

# Löggjafarmálefni

## 5.1. Lög um meðferð sakamála

Með lögum nr. 88 frá 12. júní 2008 voru sett ný lög um meðferð sakamála sem leystu af hólmi lög um meðferð opinberra mála nr. 19 frá 26. mars 1991. Gildistaka laganna var ákveðin 1. janúar 2009, að frátöldum breytingum að því er varðar ákæruvaldið, sem frestað var til 1. janúar 2010, sbr. lög nr. 156 frá 31. desember 2008. Meginbreyting laganna lýtur að skipulagi ákæruvaldsins sem skipt er upp í þrjú stjórnsýslustig. Í lögunum er kveðið á um nýtt embætti héraðssaksóknara sem ætlað er að fara með ákæruvald á fyrsta stjórnsýslustigi í öllum meiriháttar sakamálum. Er þannig gert ráð fyrir að héraðssaksóknari fari með ákæruvald sem fram að þessu hefur verið hjá ríkissaksóknara. Þá er ákæruvald í skatta- og efnahagsbrotum flutt frá ríkislögreglustjóranum til hins nýja embættis héraðssaksóknara en ákæruvald annarra lögreglustjóra að mestu leyti óbreytt. Með þrískiptingu ákæruvaldsins opnast kæruleið frá ákvörðunum héraðssaksóknara til æðra stjórnvalds, þ. e. ríkissaksóknara en slíka kæruleið hefur skort varðandi ákvarðanir ríkissaksóknara. Hlutverk ríkissaksóknara verður áfram, sem æðsta handhafa ákæruvalds, að setja almennar reglur og hafa eftirlit með öðrum ákærendum, auk þess að taka ákvörðun um áfrýjun mála og annast saksókn fyrir Hæstarétti Íslands. Fjölmargar aðrar breytingar voru gerðar með hinum nýju lögum, s.s. skýrslutökur af sakborningi og vitnum á rannsóknarstigi, þvingunarráðstafanir og öflun sönnunargagna sem ekki verða raktar nánar.

## 5.2. Lög um embætti sérstaks saksóknara

Með lögum nr. 135 frá 11. desember 2008 var sett á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdragana, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. nr. 125 frá 7. október 2008, svonefndum neyðarlögum. Embættið fer hvort tveggja með lögregluvald, þ.m.t. rannsóknarheimildir lögreglu, og ákæruvald á sínu sviði. Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og skattrannsóknarstjóra ríkisins og aðrar réttarvörslu- og eftirlitsstofnanir. Gert er ráð fyrir að hið sérstaka rannsóknar- og saksóknaraembætti verði ekki varanlegt heldur starfi tímabundið og við niðurlagningu þess hverfi verkefni embættisins til annarra saksóknara- og lögregluembætta í samræmi við almenn ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð sakamála. Um starfsemi embættisins gilda að öðru leyti ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð sakamála að því leyti sem ekki er kveðið á um annað.

## 5.3. Umsagnir til Alþingis

Á árinu 2008 bárust ríkissaksóknara eftirfarandi lagafrumvörp til umsagnar:

1. Frá allsherjarnefnd:
   a. Frumvarp til laga um meðferð sakamála, 233. mál, heildarlög
   b. Frumvarp til laga um nálgunarbann, 294. mál, heildarlög.
   c. Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 89. mál, réttargæslumaður hlerunarþola.
   d. Frumvarp til laga um útlendinga, 337. mál, flokkar dvalarleyfa, EES-reglur o.fl.
   e. Frumvarp til laga um útlendinga og réttarstöðu þeirra, 247. mál, réttarstaða gagnvart atvinnurekendum o.fl.
   f. Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 192. mál, kaup á vændi.
   g. Frumvarp til stjórnsýslulaga, 536. mál, stjórnsýsluviðurlög.
   h. Frumvarp til barnaverndarlaga og barnalaga, 19. mál, bann við líkamlegum refsingum o.fl.
   i. Frumvarp til almennra hegningarlaga, 33. mál, upptaka eigna, hryðjuverk, mansal o.fl.

2. Frá félags- og tryggingamálanefnd:
   a. Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga o.fl., 338. mál, tegundir atvinnuleyfa, EES-reglur o.fl.

3. Frá heilbrigðisnefnd:
   a. Frumvarp til laga um brottfall laga um læknaráð, 463. mál.

4. Frá utanríkismálanefnd:
   a. Frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, 518. mál, heildarlög.
   b. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Palermó-samningsins gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi, 493. mál.

Framangreindar umsagnir eru aðgengilegar á vefsíðu Alþingis.

# 6. kafli

# Starfsmenn ríkissasóknara

Löglærðir starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2008:
Valtýr Sigurðsson, ríkissaksóknari
Sigríður Friðjónsdóttir, vararíkissaksóknari
Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari
Daði Kristjánsson, settur saksóknari
Sigríður Elsa Kjartansdóttir, saksóknari
Hulda Elsa Björgvinsdóttir, settur saksóknari
Kolbrún Benediktsdóttir, fulltrúi
Dröfn Kærnested, fulltrúi

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:
Jenný Heiða Björnsdóttir, skrifstofustjóri
Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir, málaskrárritari, sem gegnir hálfu starfi
Anna Matthildur Axelsdóttir, ritari
Sigríður Einarsdóttir Laxness, ritari
Kristín Herdís Bjarnadóttir, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 13 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember s.l., 11 konur og 2 karlar, í tólf og hálfu starfi.

# 7. kafli

# Siðareglur ákærenda

Að tilhlutan Evrópuráðsins hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara samþykkt leiðbeinandi siðareglur fyrir ákærendur.

## Ráðstefna evrópskar saksóknara

*(Þýðing úr ensku)*

**EVRÓPURÁÐIÐ**

Strasbourg, 31. maí 2005.

# RÁÐSTEFNA EVRÓPSKRA RÍKISSAKSÓKNARA
# 6. FUNDUR

skipulagður af Evrópuráðinu í samvinnu við ríkissaksóknara Ungverjalands

**Búdapest, 29.-31. maí 2005**

Hús þjóðþingsins
Hótel Margitsziget Termál

EVRÓPSKAR LEIÐBEININGARREGLUR UM SIÐI OG BREYTNI OPINBERRA ÁKÆRENDA

# „BÚDAPESTREGLURNAR“

Samþykktar af ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005
http://www.coe.int/prosecutors/

## Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim ennfremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.

2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundi sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákærenda.

3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannaþágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.

4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.

5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginsjónarmið sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákærenda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitaefni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.

6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hátterni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.

7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um i 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

## I. Grundvallarskyldur

**Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur**

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi mannlegri reisn og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

## II. Almennt um faglega breytni

**Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og**

a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
b. ávallt sýna faglega breytni,
c. ávallt gæta ýtrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum,
i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verksvið opinbers ákæranda,
m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmanna, af virðingu og kurteisi,
n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákæranda, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breytni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákæranda í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

## III. Fagleg breytni varðandi rekstur refsimála

**Í starfi er varðar rekstur refsimáls ber opinberum ákærendum ávallt að**

a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við kröfur réttvísinnar,
d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa árhif á gang réttvísinnar,
f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
g. höfða ekki mál og halda ekki máli til steitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotaþola,
n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

## IV. Breytni í einkalífi

a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttsýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttsýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.
b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.
c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.
d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.
e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttsýni og óhlutdrægni.

[1] Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til
- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarreglna um störf saksóknara, samþykktra af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglna sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.

**Hönnun:** Sigrún Einarsdótir, sigruneina@internet.is • **Umbrot:** Svansprent

Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • www.saksoknari.is